




SKOÐUN Heimshreyfingu þarf vegna ástands í Palestínu, skrifar Svavar Gestsson. **24**



MENNING Sýningin Dalir og hólar spannar eitt hundrað kílómetra. **36**



LÍFID Rós Kristjánsdóttir skrifaði undir samning hjá Dominique Models. **54**



SPORT FH og Stjarnan leika í undankeppni Evrópu-deildarinnar í dag. **48**

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

1011

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
17. júlí 2014
166. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Loforð um netskjól gagnrýnt

Pingmaður telur Icebrowser ekki geta staðið við fullyrðingu um að auka megi netöryggi notenda með því að beina stafrænni umferð um Ísland. **20**

Flugvél nýtt í hrossasmölun

Hundrað hross sem sluppu úr gerði í óbyggðum urðu á vegi flugmanns sem sneri þeim við og rak inn í rétt. **2**

Fleiri fá kuðungsgræðslu Meðalaldur heyrnarlausra hér á landi fer ört hækkandi. **4**

Nálar verði aðgengilegri Augljósir gallar eru sagðir í vímuefnastefnunni hér á landi. Draga þurfi úr refsistefnu. **6**



Bolungarvík	10°	NNA	2
Akureyri	15°	NA	2
Egilsstaðir	17°	SSV	7
Kirkjubæjarkl.	13°	SA	5
Reykjavík	12°	SSA	6

VÆTA MEÐ KÖFLUM Yfirleitt fremur hæg suðvestlæg átt og rigning með köflum en hægari vindur og þurr og bjart NA- og A-til. Hiti 10-18 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Þjóðhátíð | Fólk



3 FYRIR 1
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU
Í VERO MODA SMÁRALIND

VERO MODA
Kringlunni og Smáralind

Facebook.com/veromodalceland
Instagram @veromodalceland



SYRGJA DRENGINA SÍNA Fjölskylda fjögurra ungra palestínskra drengja, sem létust í sprengjuárás Ísraelsmanna af sjó, grét sáran við jarðarför þeirra í Gasa-borg í gær. Ísraelar héldu áfram árásum sínum í gærmorgun eftir skammvinnu vopnahlé í fyrradag. Eftir níu daga blóðbað á Gasa-svæðinu nálgast tala látinna hálf þriðja hundrað manna. Sjá síðu 10

Enn ein blauta tuskan

Forseti ASÍ segir ríkið sé enn að hækka gjöld á fólki sem hefur ekkert val. Hann gagnrýnir harðlega hækkun á hlutdeild sjúklinga í kostnaði vegna sérfræðilækna. Formaður samninganefndar sérfræðilækna segir að hlutur sjúklinga hafi lækkað.

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA „Ég hélt að það ætti að vera kyrrð um gjaldskrárhækkanir hins opinbera. Verið er að hækka gjöld á fólki sem hefur ekkert val um hvort það nýtir þjónustuna eða ekki,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Þátttaka sjúklinga í kostnaði vegna sérfræðilækna hækkadi í byrjun mánaðarins um 4,9 prósent að meðaltali. Sjúkratryggingar Íslands sögðu að hækkunirnar mætti fyrst og fremst rekja til gjaldskrárhækkana sérfræðilækna. Sjúkratryggingar sömdu við sérfræðilækna, sem höfðu verið samningslausir frá 2011, í byrjun janúar.

„Okkur var sagt í byrjun janúar að samningar við sérfræðilækna rúmuðust innan sameiginlegrar stefnu verkafélshreyfingarinnar, atvinnurekenda og stjórnvalda um stöðugleika. Að hækka gjaldskrána nú ber ekki vott um stöðugleika,“ segir Gylfi. Almennungur sé alltaf að borga meira og meira fyrir lækniþjónustu. Gylfi segist velja því

Hækkað í skjóli sumarfría

„Verið er að hækka álögur á veikt fólk í skjóli sumarfría og án þess að tala við einn eða neinn,“ segir Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður Öryrkjabandalags Íslands, sem ætlar að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra til að fá skýringar á og mótmæla hækkunum. Hann bendir á að komugjöld á heilsugæslustöðvar hafi lækkað um 20 prósent um áramót og nú sé verið að auka hlutdeild í kostnaði við sérfræðilæknaþjónustu um 4,9 prósent. „Lækniþjónusta hefur hækkað verulega á árinu og nú er nóg komið,“ segir Halldór.

fyrir sér hvort það sé stefna stjórnvalda að velja öllum hækkunum í heilbrigðiskerfinu yfir á sjúklinga. „Þetta er enn ein blauta tuskan frá stjórnvöldum,“ segir hann.

Kristján Guðmundsson, formaður samninganefndar sérfræðilækna, sagði í samtali við Fréttablaðið þegar samningur Sjúkratrygginga og lækna var undirritaður í janúar að hann myndi lækka kostnað sjúklinga og er enn þeirrar skoðunar.

„Á undanförunum árum má segja, í grófum dráttum, að ríkið hafi greitt 70 prósent af kostnaði við sérfræðilæknaþjónustu en sjúklingar 30 pró-

sent. Á meðan sérfræðilæknar voru samningslausir rúkuðu þeir aukagjald og það var mat manna að hlutfall sjúklinga í kostnaðinum væri orðið rúm 40 prósent. Við samninginn lækkaði það aftur niður í 30 prósent,“ segir Kristján og bætir við að heilbrigðisráðherra ákveði hverju sinni hversu stóran hlut sjúklingurinn borgar og hvernig.

Nú hafi ráðherra ákveðið að hækka sjúklingagjaldið örlítið en heildarverð til sérfræðilækna breytist ekki. Þeir fá það sama í sinn hlut og þeir fengu á fyrri helmingi ársins.

Moksala á utanlandsferðum: Flýja í sólina

NEYTENDUR Sala á utanlandsferðum Íslendinga í júlí er óvenjuleg í ár. Rigningartíðin hefur valdið því að fjölmargir panta sérferðir út í sólina með stuttum fyrirvara.

Pyri Kristínardóttir, sölustjóri Heimsferða, segir rigninguna ekki fara fram hjá sölumönnum ferðaskrifstofunnar. „Júlí er að verða uppþókaður sem er mjög óvanalegt,“ segir hún. -ebg / sjá síðu 18

#GOTTIMATINN

MATARMYNDALEIKUR
GOTT Í MATINN

Gott Í MATINN

SUMARHÁTÍÐ ATLANTSÓLÍU - Í DAG
Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDYRAGARÐINUM

FRÍTT FYRIR FJÖLSKYLDUNA
BARA SÝNA DÆLULYKILINN VIÐ INNGANGINN

SPURNING DAGSINS



Arnar Pór, er hægt að veiða atkvæði í Blöndu?

„Hvað er Fréttablaðið að blanda sér í það mál?“

Arnar Pór Sævarsson er bærstjóri á Blönduósi. Veiðifélag Blöndu og Svartár hefur svipt Blönduósbæ atkvæðisrétti í félaginu.

Iceland Travel segir skemmtiferðaskip sneiða hjá gjaldtöku í Námaskarði: Gjaldtakan leiðir til sniðgöngu

FERÐAÞJÓNUSTA Skemmtiferðaskip sem koma til Akureyrar hafa að miklu leyti sniðgengið náttúruperlur í landi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi sökum gjaldtöku eignarhaldsfélags landeigenda Reykjahlíðar. Ferðaþjónustufyrirtækið Iceland Travel þjónustar allt að þrjátíu komur skemmtiferðaskipa til Akureyrar í sumar og hefur mikill meirihluti þeirra ákveðið að fara ekki austur fyrir Námaskarð. Með skipum sem fyrirtækið þjónustar koma um 32.000 gestir.

Ingunn Hjaltalín Ingólfssdóttir, ein þeirra sem þjónusta dagsferðir þessara skemmtiferðaskipa, segir gjaldtökuna hafa fælt ferðaþjónustuna frá.

„Skemmtiferðaskipin sjálf ákveða hvert er farið, og þau hafa allflest ákveðið að fara ekki austur fyrir Námaskarð því kostnaðurinn myndi lenda á þeim,“ segir hún. „Þetta er örlítið hvítleitt orðið því við í ferðaþjónustunni erum stundum farin að taka á okkur kostnað við slíkar heimsóknir.“



RUKKAD Gjaldtaka við hverri austan Námaskarðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Nýjar tölur frá Hagstofunni: Dánartíðni Íslendinga eykst

ÞJÓDFÉLAG Dánartíðni Íslendinga og ungbarnadaði hefur aukist frá 2012, að sögn Hagstofu Íslands.

Hér er ungbarnadaði er lægstur á meðal Evrópuþjóða en hann jókst frá því að vera 1,1 barn á hver 1.000 lifandi fædd í að vera 1,8 á hver 1.000 börn á milli árána 2012 og 2013.

Íslenskir karlar eru langlífastir karla í Evrópu en meðalævilengd þeirra er 81,6 ár. En íslenskar konur skipa sjötta sæti í Evrópu með 84,3 ára meðalævilengd.



VADA HEIM Íbúar borgarinnar Manila þurftu í gær að vaða djúpt vatn á leið sinni heim. Ekki varð rafmagnslaust í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóð á Filippseyjum vegna fellibyljar sem reið þar yfir:

Fimm létust vegna Rammasun

FILIPPSEYJAR Fellibylurinn Rammasun, sem heimamenn hafa kallað Glenda, reið yfir austurströnd Filippseyja á þriðjudag. Hann fór hjá Manila, höfuðborg landsins, í gær. Fimm manns hafa látist af völdum fellibyljarinnar og 350 þúsund manns flúið heimili sín. Rafmagnslaust varð í 11 héruðum á svæðinu.

Yfir Filippseyjar ganga að meðaltali átta til níu fellibyljir á ári. Rammsun er sá fyrsti á þessu ári. Síðasti fellibylur á svæðinu, Haiyan, olli dauða 6.250 manns.

Hollendingar dæmdir sekir: Ábyrgir fyrir dauða í Bosnía

STRÍÐSÁTÖK Dómstóll í Hollandi hefur dæmt hollenska ríkið ábyrgt fyrir dauða þrjú hundruð manna sem myrtir voru í bænum Srebrenica í Bosnía árið 1994.

Hollenskir friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem voru við störf í bænum komu íbúum bæjarinnar ekki til aðstoðar þegar morðsveitir Serba hertöku bæinn.

Eftirlifandi ættingjar manna sem drepnir voru í árásinni munu fá greiddar bætur. Tala látinna eftir árásirnar var rúmlega sjö þúsund en hollenski dómstóllinn sætir gagnrýni fyrir að segja ríkið einungis bera ábyrgð á dauða þrjú hundruð.

Lögregla fann eldsupptökin: Lauk rannsókn á Skeifubruna

BRUNI Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið rannsókn sinni á stórbrunum sem varð í Skeifunni 11 þann 6. júlí.

Eldsupptökin reyndust hafa verið í húsnæði Fannar þar sem rekin var efnalaug og þvottahús. Nánar tiltekið í og við þvottagrindur sem stóðu við strauvélar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að sjálfsíkveikja varð þar vegna hita og oxunar eftir þvott þegar verið var að þurrka þvottinn, í stafla af bómullarblönduðu efni.

Sérfræðingar tæknideildar lögreglu unnu að rannsókninni auk annarra sérfræðinga sem leitað var til.

Smalaði hundrað hrossum á flugvél

Hundrað hross sem sluppu úr gerði í óbyggðum urðu á vegi flugmanns sem sneri þeim við og rak þau inn í rétt. Smalinn fljúgandi stefndi framan að fremstu hrossunum og kom þeim í opna skjöldu. Atvikið átti sér stað í yfirreið ferðamanna.

MANNLÍF Þótt menn séu farnir að nýta sér nútíma tækni við búnaðarstörf eiga fæstir því að venjast að sjá smala á flugvél reka hross í gerði í óbyggðum. Slíkt er þó ekki alóvenjulegt þegar Magnús Víkingur Grímsson á í hlut en hann rak um hundrað hross inn í gerði á Svínárnesi fyrir tveimur vikum en þau höfðu stungið búhöld sinn, Sigmund Jóhannesson, af. Var Sigmundur á viku yfirreið með hátt á þriðja tug ferðamanna.

Þegar hópurinn hallaði höfði í Ásgarði við Kerlingarfjöll gaf girðingin sig og hrossin voru ekki lengi að nýta sér frelsið og tóku á rás. „Við sáum þetta um klukkan sex um morguninn,“ rifjar Sigmundur upp. „Svo ákváðum við að hringja í Magnús og athuga hvort hann gæti fundið hrossin og hann gerði gott betur en það.“

Þegar Magnús sá hrossin úr lofti voru þau komin suður fyrir Svínárnes en þar er gerði gott. „Fyrst ég var kominn á staðinn þá fannst mér við hæfi að koma að einhverju gagni,“ segir Magnús. „Þar sem ég er vanur vatnalendingum ákvað ég að setja vélinu niður og framán í hrossalestina. Fremstu hestarnar risu upp á endann og vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Svo þegar ég endurtek þennan leik þá eru þeir enn á fullri ferð. Maður kemst náttúrulega í ham við þessar aðstæður, smalamenn kannast við það. Skiptir þá engu hvort smalinn er á hesti eða flugvél. Svo ég geri þetta í fimmtánda sinn, þá staldra hestarnir við svo ég held upp-teknum hætti og kem þannig lestinni af stað og rak þá inn í réttina



MAGNÚS Á FLUGI Hér er flugkappinn í háloftunum. Af hæðinni að dæma má ólíklegt teljast að hann hafi verið við smölun þegar myndin var tekin.

í Svínárnesi sem hefur verið um tíu kílómetra leið. Ég rak þá eftir slóða og hélt þeim við efnið með því að fara í hringi og koma sífellt aftan að þeim. Var ég því feginn að vera einn á ferð því hver sem er hefði orðið flugveikir eftir þessar hringburur og var ég sjálfur orðinn ringlaður. En það eina sem Sigmundur þurfti að gera þegar hann kom að gerðinu var að loka hliðinu.“

Sigmundur var heldur en ekki kátur með málavöxtu og var ferðamönnum ekið í Svínárnes og þaðan haldið áfram för eins og ekkert hefði í skorist.

Eins og sagan ber með sér er Magnús vanur að fara nýjar leiðir. Hefur hann til dæmis smalað sauðfé á flugvél í sinni búskap

„Par sem ég er vanur vatnalendingum ákvað ég að setja vélinu niður og framán í hrossalestina.“

Magnús Víkingur Grímsson flugmaður

artíð. Eins hefur hann boðið upp á eins konar getnaðarflug frá Hrunamannahreppi. Byggðist sú þjónusta á þeirri kenningu að gáfnafar fólks fari eftir því í hvaða hæð það koma undir. Þeim mun hærra þeim mun meiri gáfur. Auglýsti hann þjónustuna í héraðsblaðinu en ekki fer fleiri sögum af henni. Ólíklegt telst þó að orðið „fluggáfaður“ eigi rætur sínar að rekja til þess arna. jse@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ

98.900

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Algerð 2014

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efrir grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Opið laugardaga til kl. 16

Utánríkisráðherra segir stefnu Evrópusambandsins klára málið fyrir Ísland: Segir aðildarferli Íslands lokið

EVROPUMÁL Nýkjörinn forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Jean-Claude Juncker, segir að fimm ára hlé verði gert á frekari stækkun sambandsins. Gunnar Bragi Sveinsson utánríkisráðherra segir að þar með sé aðildarferli Íslands að Evrópusambandinu formlega lokið.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Evrópuþingið staðfesti skipun Jean-Claude Juncker í embætti á þriðjudag. Við það tilefni sagði hann að aðildarríkin þyrftu að melta þá þrettán ríkja fjölgun sem orðið hefði innan sambandsins á síðastliðnum tíu árum. Umsóknarlönd fengu þó að klára umsóknartíma sinn. Ísland er enn umsóknarland samkvæmt heimasíðu sambandsins.

Gunnar Bragi segir að þetta staðfesti grunsemdir ríkisstjórnarflokkanna um að Evrópusambandið sé að breytast. Hann segir að þessi fimm ár geti hæglega orðið lengri tími þegar fram líða stundir. Ákvörðun Junckers sé jafnframt í takt við vilja íslensku ríkisstjórnarinnar. „Í sjálfu sér er þetta allt búið. Það eina sem er eftir er að við erum í einhverri bók skráð sem umsóknarríki. Annað er nú ekki eftir



NÝR FORSETI FRAMKVÆMDASTJÓRNAR Jean-Claude Juncker vill að Evrópusambandið staldri við áður en fleiri lönd verða tekin inn í sambandið. NORDICPHOTOS/AFP

af þessu ferli öllu saman. Og mér sýnist að það megi túlka þetta þannig að Juncker sé að loka málinu,“ segir Gunnar Bragi.

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að mikilvægt sé að Ísland haldi umsókn sinni til streitu.



ÚTSALA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

NÝTT KORTATÍMABIL
OPIÐ TIL **21** Í KVÖLD

Kringlan

KRINGLAN.IS

AF ÖLLU HJARTA

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

SVONA ERUM VIÐ



6,7% Íslendinga bjuggu við skort á efnislegum lífsgæðum árið 2013.

Hlutfallið lækkaði umtalsvert í aðdraganda hrunsins, fór úr 7,4% árið 2007 í 2,5% árið 2008, en jókst eftir það.

Heimild: Hagstofan

Paulskipulögð aðgerð portúgólsku lögreglunnar og Europol skilaði árangri: Lögregla upprætti mansalshring

PORTÚGAL Mansalshringur með rætur í Portúgal og Vestur-Afríku hefur verið upprættur af portúgólsku lögreglunni og Europol.

Mansalshringurinn er grunaður um að hafa flutt fjölda ungra kvenna til Evrópu með það að markmiði að gera þær út til vændisstarfsemi. Konurnar eru flestar frá Nígíeríu.

Aðgerðin sem var umfangsmikil er hluti af stærri aðgerð portúgólskra yfirvalda til að uppræta vændisstarfsemi í landinu. Menn-

irnir sjö sem voru handteknir í tengslum við mansalshringinn í Portúgal sáu um samskipti við konurnar sem þangað komu. Þeir útveguðu þeim skilríki en í einhverjum tilfellum var konunum ráðlagt að sækja um hæli í landinu. Konurnar hurfu svo frá þeim úrræðum sem portúgólsk yfirvöld útveguðu þeim.

Samkvæmt Europol var konunum hótað og þeim stept í skuldir til að koma í veg fyrir að þær flýðu frá brotamönnum.



LOKS FRJÁLSAR Mikill fjöldi kvenna var látinn laus þegar leitað var í sjö húsum. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Skipaumferð á Ísafirði: Þrjú risaskip við höfnina

SIÁVARÚTVEGUR Sífellt fleiri skemmtiferðaskip venja komur sínar vestur á Ísafjörð og mátti sjá skýra birtingarmynd þess í gær en þá lágu þrjú slík við bryggju. Að sögn Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra Ísafjarðarhafna, er þetta í fyrsta sinn sem þrjú skemmtiferðaskip liggja við bryggjuna. Þó hefur það gerst að eitt hafi legið við bryggju en tvö við akkeri í höfninni svo Ísafirðingar eru svo sem ekki óvanir umferð af þessu tagi.



LEITIN Mikill fjöldi björgunarsveitarmanna tók þátt í leitinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBRANDUR ÖRN ARNARSON

Protlaus leit bar loks árangur: Lík konu fannst í Bleiksárgljúfri

LÖGREGLUMÁL Lík konu fannst við leit í Bleiksárgljúfri að kvöldi þriðjudags. Talið er að um lík Ástu Stefánsdóttur sé að ræða.

Guðbrandur Örn Arnarson sem stýrt hefur leit í gljúfrinu segir að líklega hafi áin sem rennur um gljúfrið loks skilað líkinu vegna þeirra vatnavaxta sem verið hafa á Suðurlandi í júlímánuði.

Ásta Stefánsdóttir hvarf ásamt sambýliskonu sinni, Pino Becerra, í Bleiksárgljúfri um hvítasunnuhelgina. Ein víðtækasta leit síðustu ára fór fram í kjölfarið án þess að Ásta myndist. Líkið fannst nú við fyrstu eftirleit eftir að formlegri leit lauk.

LEIÐRÉTT

Í frétt blaðsins í gær um skýrslu Þóris Guðmundssonar um Þróunarsamvinnustofnun kom fram að ein af tillögum hans væri að auka fé til frjálsra félagasamtaka. Hið rétta er að hann fjallaði um þá hugmynd í skýrslunni, en hún var ekki ein af formlegum tillögum hans.

Ranglega var hermt eftir Karli Kristjánssyni, oddvita sveitarstjórnar Reykhólahrepps, í frétt blaðinu í gær. Hann sat ekki í síðustu sveitarstjórn hreppsins en hann gerði það hins vegar á árum áður.

Færri fæðast heyrnarlausir og fleiri fá kuðungsígræðslu

Meðalaldur heyrnarlausra hækkar hratt enda hefur tíðni heyrnarleysis staðið í stað. Vegna kuðungsígræðslna munu æ færri vera eingöngu háðir táknmáli. Þjónusta Félags heyrnarlausra breytist í takt við breyttar þarfir.

VELFERÐARMÁL Samfélag heyrnarlausra hefur ekki minnkað en meðalaldurinn fer hækkandi. Ástæðan er sú að tíðni hefur staðið í stað. Á fimmta til sjöunda áratug síðustu aldar fæddust stórir árgangar heyrnarlausra barna sem þýðir að flestir heyrnarlausra eru á milli fimmtugs og sjötugs. Ástæðan er faraldur sjúkdóma sem mæðurnar fengu, meðal annars rauðir hundar.

„Aðalástæða þess að færri fæðast heyrnarlausir í dag er bætt mæðra- og ungbarnavernd. Bólusett hefur verið fyrir ýmsum sjúkdómum, fylgst er betur með mæðrum á meðgöngu og fyrirburar fá betri meðhöndlun,“ segir Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Það eru fyrst og fremst veirusýkingar og ættgengi sem veldur heyrnarleysi frá fæðingu í dag. Talið er að um 0,01 prósent barna fæðist heyrnarlaus eða um eitt barn á ári á Íslandi. Af þeim börnum fara langflest í kuðungsígræðslu sem gerir þeim kleift að heyra, beita tungumálinu og taka virkari þátt í samfélagi heyrandi manna. Með hækkandi meðalaldri og fleiri kuðungsígræðslum er þó ekki þar með sagt að heyrnarlausum muni fækka, því þótt einstaklingur sé með kuðungsígræðslu hættir hann ekki að vera heyrnarlaus.

„Það eru vissulega færri í dag sem eru hreint og beint heyrnarlausir,“ segir Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra. „En kuðungsígræðslur virka í raun eins og heyrnartæki. Fötlunin er enn til staðar og einstaklingurinn er heyrnarlaus. Þar að auki verður heyrnin ekki fullkomin og líkaminn getur hafnað tækinn. Því er svo



→ Kuðungsígræðslur á Íslandi

- Á síðustu fjórtán árum hafa 69 farið í kuðungsígræðsluáðgerð á Íslandi.
- Fjöldi barna sem fær ígræðslu eykst hraðar en fjöldi fullorðinna.
- Í júní 2014 höfðu 17 íslensk börn fengið kuðungsígræðslu.
- Í heiminum hafa um það bil 400 þúsund fengið kuðungsígræðslu.



Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra.


mikilvægt að heyrnarlaus börn læri líka táknmál.“

Heiðís Dögg Eiríksdóttir segir flest börn sem fá kuðungsígræðslu tileinka sér íslensku en eingöngu sum tvítýngi, það er íslensku og táknmál. Það þýðir að þeim sem nota íslenskt táknmál fer vissulega fækandi og líkur á að samfélag heyrn-

arlausra breytist mikið í kjölfarið. „Hlutverk Félags heyrnarlausra breytist með breytingum í samfélaginu og breyttum þörfum. Þannig er fólk með kuðungsígræðslu nýr hópur með nýja hagsmuni sem við berjumst fyrir. Einnig er alltaf mikilvægt að aðgengi að táknmáli sé til staðar.“


Hlutverk Félags heyrnarlausra breytist með breytingum í samfélaginu og breyttum þörfum.

→ Heyrnarlausir og heyrnarskertir grunnskólanemendur á Íslandi



■ Heyrnleysingjaskólinn
■ Tákmalásdeild Hlíðaskóla

Veðurspá



LÍTIÐ UM BREYTINGAR Það jákvæða við veðrið þessa dagana er hægur vindur og finn hiti en það má gera ráð fyrir vætu í langflestum landshlutum en þó aðallega á vestanverðu landinu. Besta veðrið verður á Austurlandi fram að helgi.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

UPPLIFDU ÞIG Í SALOMON BÚNAÐI!

ALPARNIR
HÉTTINGI • KJÓTTUR • ÖSKUGLA
FAXAFENI 8

VW Tiguan. Á verði sem snýr öllu á hvolf.



6.750.000 kr.
á freistandi tilboði:
Tiguan Sport & Style 4Motion 2.0 TDI
þú sparar 715.000 kr.

Nú bjóðum við nokkra Volkswagen Tiguan Sport & Style drekkhlaðna af sportbúnaði, á freistandi tilboði sem erfitt er að standast. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra bíl. Það kæmi okkur ekki á óvart ef þú vildir taka hann með þér heim eftir rúntinn.

Tiguan Sport & Style 4Motion 2.0 TDI **6.490.000 kr.**

Sportpakki

- Panoramic sólþak
- Webasto bílahitari með fjarstýringu
- Bílastæðaaðstoð (Park assist)
- R-Line ytra útlit og 18" felgur
- Svæðaskipt miðstöð (Climatronic)

Tiguan með sportpakka **7.465.000 kr.**

Tilboðsverð **6.750.000 kr.**



Das Auto.

VEISTU SVARID?



1. Hverjir vilja sameinast Strandabyggð og Reykhólahreppi?
2. Hvaða söngleik leikstýrir Jökull Ernir Jónsson í Los Angeles?
3. Hvað eru mörg sveitarfélög í landinu?

SVÖR:

1. Dalmennt 2. Um Mjallhvít 3. 74.

Gylfi Ólafsson skrifaði meistaraverkefni um drykkju unglunga í dreifðum byggðum landsins:

Drekka meira ef vínþúð er ekki í plássinu

SAMFÉLAGSMÁL Meistarariterð Gylfa Ólafssonar, við háskólann í Stokkhólmi, sýnir fram á að drykkja unglunga er meiri í þeim bæjarfélögum þar sem áfengisverslun er ekki til staðar. Gylfi varði rannsókn sína við háskólann árið 2011.

Hugmynd Vilhjálms Árnasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um að gefa sölu áfengis frjálsa á Íslandi hefur verið



GYLFI ÓLAFSSON

misjafnlega tekið meðal Íslendinga. Telja margir það vera framfaraskref að gefa sölu frjálsa á meðan aðrir vilja meina að bætt aðgengi muni auka neysluna. Því er hins vegar öfugt farið hjá ungu fólki.

„Það er mjög áhugavert að velta fyrir sér hvernig þessu verður háttað. Það sem skiptir mestu máli er að gera sér grein fyrir hvað gerist þegar

sölumynstri er breytt. Það getur verið breytilegt hvort verið er að skoða áhrifin á landsbyggðinni eða í höfuðborginni. Einnig getur það verið breytilegt út frá aldri fólks. Þetta er afar flókið samspil sem þarf að kafa betur ofan í,“ segir Gylfi. „Það er hins vegar allt of einfalt að halda því fram að með auknu aðgengi neytenda að áfengi aukist neyslan.“

Rannsókn Gylfa tók til rúmlega 4.000 barna og spannaði ellefu ár, frá árinu 1997 til 2007.



Í VÍNÞÚÐ Meira virðist þurfa til en úrval og aðgengi til þess að æra óstöðuga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



40% afsláttur af ÖLLUM sjónglerjum

Kíktu við í verslanir okkar og við tökum vel á móti þér

prooptik
gleraugu

Kringlunni - Skeifunni - Spönginni

Göngugreining

Vandamál sem göngugreining Flexor getur hjálpað til við að leysa eru til dæmis:

- breytuverkir og pirringur í fótum
- verkir í hnjúm
- sársauki eða eymsli í hælum (hælspori, „plantar fasciitis“ o.fl.)
- beinhimnubólga
- óþægindi eða verkir í baki og/eða mjöðmum
- verkir í tábergi og/eða iljum
- hásinavandamál
- óþægindi í ökkulum
- þreytu- og álagsverkir hjá börnum og unglungum

Pantaðu tíma í síma 517 3900

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900

Sprautunálar verði enn aðgengilegri

Framkvæmdastjóri meðferðarsviðs á Vogu segir augljósa galla í vímuefnastefnunni hér á landi sem þurfi að laga. Draga þurfi úr refsistefnu, auka enn frekar aðgengi að sprautunálum og vernda fjölskyldur fíkla. Stöndum þó ágætlega í samanburði.

HEILBRIGÐISMÁL Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs á Vogu, segir að á Íslandi sé ágætiskerfi fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga í samanburði við aðrar þjóðir. Það sé aftur á móti augljósir ágallar sem þurfi að laga. Þórarinn er einn þeirra sem eiga sæti í nefnd heilbrigðisráðherra um aukin réttindi vímuefnasjúklinga. Fréttablaðið greindi frá skipun nefndarinnar í gær.

„Það eru ekki réttar áherslur í því hvernig er verið að eyða peningunum. Við erum að eyða miklum peningum í að halda fólki, sem hefur brotið vímuefnalöggjöfina, í langri fangelsisvist. Og eyða miklum peningum í rannsókn og refsingu í þeim málum, sem gefur ekki mikinn árangur þegar á heildina er lítið. Við mætum verja þessum peningum á annan og skynsamlegri hátt,“ segir Þórarinn. Hann bendir á að mikill munur sé á því að hafa hlutina löglega og hafa þá refsiverða. „Við höfum nú lengi talað um að það ætti ekki að vera brot á hegningarlögum þegar menn væru að nota fíkniefni,“ segir hann.

Þórarinn segir að það þurfi líka miklu meira fjármagn í skaðaminnkunaraðgerðir. „Stærsta og mesta skaðaminnkunarmeðferðin er viðhaldsmeðferð við óþíumfíkn sprautufíkla. Það þarf að fjármagna það. Það er mesta skaðaminnkunin og skiptir mestu. Síðan þurfum við að leggja meiri áherslu á að skima fyrir fylgikvillum hjá þeim sem eru í neyslu,“ segir hann.

Þá bendir Þórarinn á að það þurfi að vera gott aðgengi að sprautubúnaði fyrir sprautusjúklinga. „Þá eru það nú tvær leiðir. Aðalleiðin, sem flestar þjóðir sem standa sig vel hafa farið, er að vera með aðgengi í gegnum lyfsölur eða almennar verslanir þar sem



BETRA AÐGENGI Þórarinn Tyrfingsson segir að enn frekar megi auka aðgengi að sprautunálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

fólk getur bara labbað inn og náð í þennan búnað endurgjaldslítið eða endurgjaldslaust. Við höfum staðið okkur vel í þessu en þurfum að gera enn betur. Síðan að þetta sé aðgengilegt á þeim stöðum þar sem neyslan fer fram,“ segir hann.

Þórarinn segir að þegar hugað sé að vímuefnasjúklingum sé of mikil áhersla lögð á útgangsfólk. Það sé alls ekki þannig að allir útgangsmenn séu á útgangi vegna vímuefnasjúkdóma, heldur oft vegna annarra heilásjúkdóma. „Og það þarf að líta til þess að vímuefnafíklar eru oft inni á heimilum og eru að ala upp börn. Þá kemur að réttindum barnanna til góðra upplæðisáðstæðna. Við megum gera miklu betur þarna og bjóða miklu betri fjölskylduþjónustu og vernd,“ segir Þórarinn.

Hann segist hafa fylgst vel með því hvernig staða og stefna annarra þjóða í vímuefnamálum sé. Aðstæður séu einna bestar á Norðurlöndum, en einna verstar á flutn-



Við erum að eyða miklum peningum í að halda fólki sem hefur brotið vímuefnalöggjöfina í langri fangelsisvist.

Þórarinn Tyrfingsson lækni

ingsleiðum frá framleiðendum til Evrópu. Til dæmis í Mið-Ameríku, Mexíkó og Afríku. Víða leggi menn áherslu á að draga úr refsistefnunni. „Því þekkingin og niðurstöður vísindarannsókna á því hvað virkar og hvað ekki hefur leitt til þess að menn eru sammála um það hvernig á að takast á við vandann og þess vegna er nú hávær þessi umræða um að harðar refsingar skili ekki miklum árangri.“

jonhakon@frettabladid.is

Gunnar Bragi bauðst til að aðstoða Úkraínnum við virkjun jarðhita:

Undirbúa samstarf við Úkraínu

UTANRÍKISMÁL Ísland og Úkraína hafa ákveðið að hefja undirbúning að samstarfi ríkjanna í virkjun jarðhita í Úkraínu.

Ákvörðunin var tekin á fundi sem Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti með Vítalí Grygrovskí, aðstoðarforstjóra Stofnunar um orkusparnað í Úkraínu. Þangað hélt Gunnar Bragi í gær og verður fram á fimmtudag eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær.

Að sögn Sunnu Gunnars Martensdóttur, aðstoðarmanns Gunnars Braga, hefur utanríkisráðuneytið verið að leita leiða til að hjálpa Úkraínu og styðja við uppbyggingu. „Okkar hugmynd til að

hjálpa þeim er að fara í svona samstarf um jarðhita af því að þeir eru svo háðir gasi frá Rússlandi,“ sagði hún í samtali við Fréttablaðið. Að auki senda Úkraínnum nemanda í haust í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í þeim tilgangi að leggja stund á nám í fiskveiðistjórnun.

Íslensk stjórnvöld hafa nú „boðist til að kortleggja tækifæri í virkjun jarðhita í Úkraínu sem lið í að auka fjölbreytni og efla þátt endurnýjanlegra orkugjafa í orkuöflun landsins,“ eins og segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. Tækifærin liggja í vesturhluta Úkraínu að sögn utanríkisráðherra.



HEPPNAÐIST VEL Fundinum með Stofnun um orkusparnað í Úkraínu lyktaði með ákvörðun um undirbúning að samstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



ÚTSALA

ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

50%

TIL

70%

AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilsvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



MÚGUR OG MARGMENNI Gríðarlegur fjöldi fólks kom saman á Menningarnótt í fyrri. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stærsti viðburður ársins: Menningarnótt í nítjándu sinn

MENNING Reykjavíkurborg heldur Menningarnótt í nítjándu sinn þann 23. ágúst næstkomandi.

Að vanda stendur borgarþúfum til boða fjöldi menningarviðburða, tónleika, sviðslista- og myndlistarsýninga að kostnaðarlausu.

Listamenn geta skráð sig til þátttöku til 1. ágúst næstkomandi á vef Reykjavíkurborgar.

Menningarnótt í Reykjavík er stærsti árvissi viðburður landsins en allt að hundrað þúsund manns komu saman í miðborg Reykjavíkur í tilefni hennar í fyrri. - sss

LÖGREGLUMÁL

Kind fipaði bifhjólamann

Erlendur mótorhólamaður slasaðist á Fagradal um klukkan hálf tíu í gærmorgun þegar kind hljóp í veg fyrir hann. Maðurinn, sem missti stjórn á hjólinu og féll í götuna, var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Hann var rifbeinsbrottinn með samfallið lunga og var sendur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Að sögn vakthafandi læknis í Neskaupstað er maðurinn ekki í lífshættu.

Ráðuneytið segir ekki forkaupsrétt að kvóta

Atvinnuvegaráðuneytið segir sölu Stálskipa á frystitogaranum Þór og aflaheimildum frá Hafnarfirði ekki hafa slík neikvæð áhrif fyrir bæinn að hann eigi að hafa forkaupsrétt að kvótanum. Lögmaður bæjarins skoðar málið.

STJÓRNSÝSLA Atvinnuvegaráðuneytið segir ráðherra ekki geta stöðvað sölu Stálskipa á aflaheimildum frystitogaranum Þórs HF-4 frá Hafnarfirði.

Stálskip tilkynntu í lok janúar síðastliðins að Þór HF-4 hefði verið seldur til Rússlands. Sama dag óskaði fyrirtækið eftir því hjá Fiskistofu að aflaheimildir Þórs yrðu fluttar yfir á fimm önnur skip í eigu fjögurra útgerðarfélaganna sem öll starfa utan Hafnarfjarðar.

Aflaheimildirnar af Þór töldust vera yfir helmingur alls fiskveiðikvóta sem tilheyrði fyrirtækjum eða eigendum með heimilisfesti í Hafnarfirði. Bæjaryfirvöld töldu bæinn eiga forkaupsrétt sem honum hefði ekki verið gefið færi á að nýta. Í erindi Hafnarfjarðarbæjar til atvinnuvegaráðuneytisins vegna málsins var vísað til þess að Fiskistofa hefði hvorki tilkynnt bæjarfélaginu né ráðuneytinu um sölnu á skipinu og kvótanum.

Við meðferð málsins hjá ráðuneytinu kom fram að Hafnarfjörður taldi hvarf kvótans úr bænum hafa verulega neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Var það rökstutt með því að yrði kvóti Þórs nýttur af einu línuveiðiskipi og þremur til fjórum minni bátum

myndi það veita um 65 manns atvinnu. Ráðuneytið hafnar þessu.

„Þar sem sveitarfélagið stundar ekki útgerð fiskiskipa hefur Hafnarfjarðarkaupstaður ekki forræði á fyrirkomulagi eða formi þeirra veiða, sem mögulega yrðu stundaðar á grundvelli umræddra aflaheimilda Þórs HF-4,“ segir ráðuneytið sem telur að meta eigi neikvæðu áhrifin af sölnunni fyrir Hafnarfjörð miðað við áhrifin sem útgerð Þórs HF-4 hafi í raun haft í bænum. Þór hafi verið frystitogari og aflinn ekki unninn í landi. Af 37 manna áhöfn hafi aðeins átta verið búsettir í Hafnarfirði þar sem íbúafjöldinn sé 26 þúsund manns.

„Ef þannig er gert ráð fyrir mestu mögulegri fækkun starfa eða fækkun íbúa í sveitarfélaginu vegna uppsagnar áhafnarinnar og framsals aflaheimilda skipsins úr sveitarfélaginu verða áhrifin óveruleg,“ segir ráðuneytið sem kveður forkaupsréttarákvæði þar með ekki uppfyllt.

Bæjarráð Hafnarfjarðar lýsti vonbrigðum með að ráðherra „telji ekki skilyrði til að hlutast til um ráðstöfun aflaheimilda úr sveitarfélaginu“. Bærinn hyggst stefna Stálskipum og fól lögmanni sínum að vinna áfram að málinu.

gar@frettabladid.is



HAFNARFJARÐARHÖFN Mikið ber í milli í mati atvinnuvegaráðuneytisins og Hafnarfjarðarbæjar á áhrifum brotthvarfs yfir helmings aflaheimilda úr bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

→ Það útgerðarmynstur sem Hafnarfjarðarkaupstaður kys að nota í umsögn sinni virðist hafa þann tilgang hámarka þau áhrif sem umræddar aflaheimildir gætu haft í Hafnarfjarðarkaupstað. Úr ákvörðun atvinnuvegaráðuneytisins

BMW EfficientDynamics

X1 xDrive 18d 5,4 l/100 km 105 kW (143 hestöfl)



BMW X1

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure

EINN DAGUR Á BMW X1.

Og það verður fyrsti góði dagurinn af mörgum.

Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BMW xDrive 18d, verð: **6.590.000** kr.

Þú ert í leit að ævintýrum. Við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir fjórhjóladrifskerfið og nýju átta girja sjálfstýringuna í BMW xDrive 18d. Njóttu dagsins þótt veður og aðstæður séu óútreiknanlegar. Akstursánægjan í BMW X1 er eitthvað sem þú getur treyst á.



BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000



ÁTT ÞÚ HEIMA HJÁ NOVA?

Sæktu
um fyrir
23. júlí

SÖLU- OG ÞJÓNUSTRÁÐGJAFAR Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTUVER

Hér óskum við eftir keppnisskapi.

Við leitum að framúrskarandi skemmtilegum starfsmönnum til að taka dansinn með okkur í verslunum og þjónustuveri Nova. Þetta er sannkallað draumastarf fyrir þá sem vilja umgangast fullt af fólki og hafa nóg að gera. Í þjónustuverinu er ekki verra að elska að tala í síma. Um er að ræða fullt starf til framtíðar og unnið er á vöktum.

Lífsgleði, metnaður og keppnisskap. Þetta skiptir mestu máli hér. Auk mikilla söluhæfileika, þjónustulundar og góðrar tölvukunnáttu. Áhugi á snjallsímum og dótinu sem við erum að selja er nauðsynlegur.

Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði.

BIG DATA SÉRFRÆÐINGUR

Sérfræðingur í vinnslu og greiningu gagna.

Við erum á fullu við að byggja upp og þróa viðskiptagreind og greiningu hjá Nova. Okkur vantar sérfræðing til að leiða það starf.

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á greiningarmálum, skilja „business“ og geta unnið sjálfstætt. Hann þarf að hafa sérþekkingu á úrvinnslu gagna og framsetningu og greiningu upplýsinga. Hann þarf einnig að búa yfir ofurkunnáttu í Excel og hafa einhverja þekkingu á virkni gagnagrunna. Að þekkja QlikView er mikill kostur.

Háskólapróf eða sambærilegt nám og starfsreynsla er skilyrði.

HJÁ 01101110 01101111 01110110 01100001 ER FORRITAÐ OG FORRITAÐ

Ef þú skildir þetta erum við kannski að leita að þér.

Við leitum að starfsmanni í þróun hugbúnaðarlausna, bæði í framenda og afturenda. Hjá upplýsingatækni sviði Nova eru þróaðar margar skemmtilegar lausnir. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi sem býður upp á nýjar áskoranir á hverjum degi. Við nýtum Agile hugmyndafræði og tökum mið af skemmtilegum Scrum og Kanban vinnuaðferðum í hópavinnu. Þróun lausna fer fram í Windows og Java umhverfi.

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á forritun hugbúnaðarlausna. Við notum .NET, LINQ, C#, Java, HTML, CSS, Spring, Hibernate, Javascript, SQL og allt hitt stoffið og því er æskilegt að þekkja þetta eitthvað, sem og að kunna að gúggla.

Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði er skilyrði.

SÖLURÁÐGJAFI – FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

Ertu þessi hressi?

Vegna aukinna umsvifa á fyrirtækjamarkaði þurfum við að bæta í hópinn og leitum við því að drífandi söluráðgjafa í fyrirtækjafjónustu. Í starfinu felst sala á farsíma- og fastlínubjónustu til fyrirtækja.

Aðeins sjálfstæður einstaklingur með mikla reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði kemur til greina. Ef þú hefur áhuga á tækninýjungum, ert metnaðarfull(ur) og hress þá viljum við endilega fá þig í hópinn.

Áhugasamir sækja um á www.radum.is fyrir 23. júlí.

Allar nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519 6770.

Palestínumenn eitt stórt skotmark

Ísraelar hófu loftárásir sínar á Gasa-svæðið af fullri hörku í gær. Forseti Palestínumanna, Mahmoud Assan, er nú í Kaíró en hefur lítið rætt stríðið. Stuðningur Palestínumanna við hann hefur minnkað og færst til Hamas. Lektor í sögu Mið-Austurlanda segir stöðu aðila ójafna.

Nanna Elísa
Jakobsdóttir
nanna@frettabladid.is

GASA Ísraelsmenn settu aukinn þunga í loftárásir sínar á Gasa-svæðið í gær eftir að Hamas-liðar höfðu vopnahléstillögu frá Egyptum. Vopnahléið stóð í sex klukkustundir en Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, hafði hótað öflugri árásum.

Íbúar á Gasa-svæðinu fengu viðvaranir seint í fyrrkvöld um árásirnar og var sagt að rýma svæðið. Tilkynningum rigndi úr lofti, íbúar fengu símtöl og textaskilaboð. Tugir þúsunda eru nú á vergangi á svæðinu og eiga ekki í nein hús að venda.

„Við fengum blöðunga sem sögðu okkur að flytjast burt,“ sagði Um Mohammed Rahmi, 56 ára gömul palestínk kona, í samtali við fréttastofu Al Jazeera. Hún hvarf frá heimili sínu ásamt sex nágrönnum sínum á asnakerru. „Við vitum ekki hvert við erum að fara. Við vitum ekki hvert við ættum að fara. Við erum stefnulaus.“

Loftárásir Ísraelsmanna hófust fyrir sólarupprás í gær og var þeim beint að um þrjátíu húsum. Einkum að húsum hærra settra Hamas-leiðtoga á borð við Mahmoud Zahar og Jamila Shanti.

Árásir Ísraels, sem hófust

á þriðjudaginn í síðustu viku, hafa nú valdið dauða um 220 Palestínumanna og hátt í fimmtán hundruð liggja særðir. Einn af fimm sem týnt hafa lífi er barn samkvæmt upplýsingum frá frjálsu félagasamtökunum Björgum bör nunum. Sameinuðu þjóðirnar segja mikinn meirihluta hinna látnu vera óbreytta borgara.

Hamas-samtökin buðu tíu ára vopnahlé milli ríkjanna en fyrir því eru sett ákveðin skilyrði. Hamas vill að umsátursástandinu verði að fullu aflétt, íbúar Gasa-svæðisins fái að ferðast óárettir inn og út af svæðinu og að tugum fanga sem haldið er af ísraelskum stjórnvöldum verði sleppt. Yfirvöld í Ísrael svöruðu ekki tilboðinu.

Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, fór til Kaíró í Egyptalandi í gær til þess að ræða mögulegt vopnahlé. Að sögn Al Jazeera hefur hann þó lítið tjáð sig um stríðið og hefur það haft þau áhrif að stuðningur við hann meðal Palestínumanna hefur minnkað.

Fyrirverandi talsmaður ríkisstjórnarinnar í Palestínu, Ghassan Khatib, sagði það hafa breyst hvar stuðningur fólksins lægi. „Það er greinilegt hver áhrifin eru, stuðningur við Hamas er að aukast á meðan stuðningur við yfirvöld í Palestínu og Abbas fer þverrandi.“



HEIMILIN HORFIN
Palestínumenn reyndu að bjarga því sem bjarga varð eftir að hús þeirra voru eyðilögð í gær.
NORDICPHOTOS/AFP



SLASAÐUR
Ungur palestínur drengur slasaðist í loftárásu Ísraels í gær. Hér er honum hjúkrað af blaðamönnum sem urðu vitni að árásinni.
NORDICPHOTOS/AFP

Friðarviðræðurnar á villigötum

„Gasa-búar hafa hvergi stað til að flýja á,“ segir Magnús Porkell Bernharðsson, lektor



í sögu Mið-Austurlanda. Magnús segir stöðu aðilanna tveggja

„Peir hafa ekki þann kost að vera flóttamenn. Peir eru bara eitt stórt skotmark fyrir Ísraelsher.“

Gasa-svæðið á landamæri að Egyptalandi, Ísrael og Miðjarðarhafinu. Svæðið er hernumið og

ójafna. „Hlutfallið sem við sjáum núna hefur aldrei verið svona slæmt, það er fjöldi látinna Palestínumanna á móti fjölda látinna Ísraels. Þetta er á mun verra stigi en hefur verið áður.“ Hann segir viðbrögð almennings í Ísrael sýna að átökin séu komin á algjörlega nýtt stig en meirihlutinn þar fagnar árásum. „Enda hefur eyðileggingin verið meiri Palestínu megin.“

Magnús segir friðarviðræður á villigötum. „Það er ekki verið að nálgast þetta mál út frá grunnvandanum.“ Vopna-

hléstillagan sem Egyptar lögðu fram í fyrradag hafi minnt á leikrit þar sem allir skilmálar hafi verið Ísraelsmönnum í hag og Palestínumenn því ekki getað sætt sig við hana.

Að hans áliti er ekki líklegt að neitt komi til með að breytast á næstu mánuðum nema almenningsálitið í Ísrael breytist eða með stjórnarskiptum í Bandaríkjunum í nóvember. „Kannski þegar Obama er kominn á seinni hluta kjörtímabilsins, þá vill hann kannski gera eitthvað róttækara í þessum málum.“

7 ÁRA KIA ÁBYGGD

Kia cee'd Sportswagon

– stór, þægilegur, vel búinn og sparneytinn

Fánlegur í sérstakri World Cup Edition

www.kia.com

cee'd_sw

The Power to Surprise

Þér er boðið að reynsluaka Kia cee'd Sportswagon – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, eyðir frá 4,4 l/100 km í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Verð frá 3.490.777 kr. cee'd Sportswagon 1,4 dísil

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

DEBENHAMS

Sumar

ÚTSALAN

50-70%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

HÖFUM BÆTT VIÐ

VÖRUM Á

70% AFSLÆTTI

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

NÝTT KORTATÍMABIL

Gerðu lífid skemmtilegra

Opið 11:00 - 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

 Finndu okkur á facebook

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Kafa ofan í fortíðina: Sáttanefnd á Grænlandi

GRÆNLAND Grænlandingar vilja gera upp fortíð sína sem dönsk nýlenda og hafa grænlandsk stjórnvöld skipað sérstaka sáttanefnd í þeim tilgangi.

Meðal nefndarmanna eru Grænlandingar hámenntaðir í mannfræði, sálfræði og menningarsögu, að því er segir á vef danska ríkisútvarpsins. Skoða á þær aðstæður frá nýlendutímanum sem enn valda spennu í grænlandsku samfélagi. Nefndin á að hafa lokið störfum árið 2017. - ibs

Fyrirverandi bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Fjarðabyggð ráðinn verkefnastjóri atvinnumála í bænum: 746.000 krónur í laun frá félögum sínum

FJARÐABYGGÐ Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð á síðasta kjörtímabili, hefur verið ráðin verkefnastjóri atvinnumála í Fjarðabyggð. Laun hennar sem verkefnastjóra nema, með yfirvinnu innifalinni, 746.097 krónum á mánuði. Auk þess er henni lagður til farsími og internettenging. Staðan var ekki auglýst laus til umsóknar heldur gengið til samninga við Ástu.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, segir það almenna reglu að störf séu auglýst

en þó séu undanþekningar á því.

„Almenna reglan er sú að við auglýsum öll störf, en stundum getur það verið þannig að við erum að vinna í afmörkuðum verkefnum sem þarfnast ákveðinnar sérfræðipækkingar og reynslu. Í þessu máli erum við



PÁLL BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

fyrst og fremst að hugsa um þekkingu og reynslu Ástu á málaflokknum,” segir hann.

Um hvort óeðlilegt væri að fyrirverandi bæjarfulltrúi og samstarfsfélagi meirihlutans hafi fengið starfið án auglýsingar segir Páll Björgvin: „Við eigum fyrst og fremst að horfa til þess sem fólk hefur fram að færa til að sinna þeim verkefnum sem þarf að vinna, en ekki að fólk gjaldi þess með einhverju móti í umræðunni að vera fyrirverandi bæjarfulltrúar.“ -sa



FRÁ ESKIFIRÐI Þar sem nú er Fjarðabyggð voru níu sveitarfélög árið 1987. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



STEYPT UPP Mikla vinnu þarf að leggja í hús listamannsins Samúels Jónssonar svo það verði íbúðarhæft. MYND/SÖGUMIDLUN

Endurbýggja hús í Selárdal á sunnanverðum Vestfjörðum: Samúelshúsi bjargað frá hruni

FRAMKVÆMDIR Hafnar eru framkvæmdir við hús listamannsins Samúels Jónssonar í Selárdal á sunnanverðum Vestfjörðum.

Áætlað er að endurbýggja hús hans í nærri upprunalegri mynd en húsið var að stórum hluta tekið niður árið 2009. Húsið og verk Samúels þykja merkileg fyrir margar sakir en meðal bygginga á svæðinu er kirkja sem Samúel byggði sjálfur utan um altaristöflu sem hann hafði málað.

Framkvæmdasjóður ferðamanna leggur verkefninu lið en húsið er hugsað sem íbúð fyrir lista- og fræðimenn. - sb

Auka á öryggi íbúa með sameiningunni

Sameining ellefu heilbrigðisstofnana í þrjár hefur verið ákveðin með reglugerð heilbrigðisráðherra. Nærri 400 kílómetrar eru á milli starfsstöðva nýrrar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Markmiðið að ákvarðanir séu nálægt íbúum.

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðherra hefur gefið út reglugerð um frekari sameiningu heilbrigðisstofnana. Samkvæmt henni verða stofnanir sameinaðar í þremur heilbrigðisumdæmum, á Vestfjörðum, öllu Norðurlandi og á öllu Suðurlandi.

Með þessum breytingum verða ellefu stofnanir að þremur, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Sameiningarnar taka gildi 1. október og taka þá nýir forstjórar við hinum sameinuðu stofnunum.

Markmið með sameiningunni er að styrkja rekstrareiningarnar, auka öryggi íbúa með góðri þjónustu og er vonast til að með þessu færast ákvarðanataka í auknum mæli til heimamanna. Á Norðurlandi sameinast allar heilbrigðisstofnanir frá Blönduósi í vestri til Raufarhafnar og Þórshafnar í austri og verður einn forstjóri yfir öllum þessum vinnustöðum.

Kristján Þór Júlíusson segir þetta áframhald á samræmingu starfs heilbrigðisumdæmanna. „Það sem verið er að gera er einfaldlega að samræma störf heilbrigðisumdæmanna á landinu. Þessi þrjú umdæmi stóðu eftir. Fyrst og fremst er verið að efla starfið í umdæmunum og gera það bæði skilvirkara og öflugra,“ segir Kristján Þór.

Spurður hvort þetta feli í sér



Á AKUREYRI Sjúkrahúsið á Akureyri er í miðju Heilbrigðisumdæmi Norðurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fækkun starfsstöðva eða minni þjónustu svarar hann því neitandi. „Það er algjörlega ljóst af minni hálfu að það er ekki verið að fækka eða loka starfsstöðvum, síður en svo. Aðgerðirnar draga úr stjórnunarkostnaði svo meira fjármagn verður eftir fyrir starfsstöðvar.

Einnig fela aðgerðirnar í sér stóru aukin tækifæri til samvinnu milli starfsstöðva þannig að sérfræðipækking verður auðsöttari á minni stöðunum.“

Vegalengdin milli Þórshafnar og Blönduóss er 394 kílómetrar. Þessar stofnanir verða hvor á sínum enda Heilbrigðisstofnunar Norðurlands með sameiningunni. Hjálmar Bogi Hafliðason, varaþingmaður Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi, gagnrýnir vinnubrögð ráðherra harðlega. „Ég er búinn að tala við alla þingmenn Framsóknarflokksins. Það er slæmt að við séum ekki með heilbrigðismál á okkar könnu. Ég styð ekki þessa ákvörðun ráðherrans.“

sveinn@frettabladid.is

Hefur þú smakkað nākd bitana?

Næringarríkir hrábarir! Mjög bragðgóðir

Innihalda eingöngu: Engin erfðabreytt hráefni

þurrkaða ávexti, Engar mjólkurafurðir

hnetur, Ekkert glúten eða hveiti

möndlur, Einstaklega mjúkir

og náttúruleg bragðefni. Án sykurs og sætuefna

nākd. CRASHEW COOKIE

gluten free wheat dairy FREE

Fast í flestum matvöruverslunum, heilsuþúðum og apótekum

Ægir getur læst greipum sínum um hafnir og bryggjur á stórstreymi:

Flýtur yfir bryggjuna á Flateyri

SJÁVARÚTVEGUR Í mestu stórstreymisflóðum fer bryggjan á Flateyri undir sjó, nú síðast á mánudaginn. Að sögn Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra Ísafjarðarhafna, fór bryggjan að síga skömmu eftir að hún var byggð rétt eftir síðustu aldamót. „Þetta er náttúrulega bagalegt en hún er samt alveg nothæf,“ segir hann. Hann segir hafnarsjóð ekki nógu digran til að koma höfninni í samt lag en samkvæmt gildandi lögum er það einvörðungu á könnu Ísafjarðarhafna. „Það liggur reyndar fyrir nýtt frumvarp sem gefur okkur von um að hægt verði að fá fé til verkefna sem þessa en þetta frumvarp er bara alltaf kjaftað í kaf,“ segir hann.

María Hrönn Valberg, íbúi á Flateyri, segir að vinsælt sé hjá krökkunum að dorga niðri á bryggju og eins slást sjóstangaveiðimenn í hóp með þeim þar



ALLT Í GRÆNUM SJÓ Sjórinn flæðir yfir bryggjuna á Flateyri þegar stórstreymt er og færir hana í kaf. MYND/MARÍA HRÖNN VALBERG

þegar of illa viðrar til sjóferða. Vestfirðingarnir eru ekki einir um vandamál sem þetta en í Keflavíkurhöfn fara nokkrar bryggjur á kaf í mesta stór-

streymi. Að sögn hafnarvarðar gerist það venjulega einu sinni í mánuði að ein þeirra fari á kaf en einnig getur farið svo að það flæði yfir fjórar bryggjur. -jse

SUMARHÁTÍÐ ATLANTSOLÍU Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM



**DÆLULYKILSHAFAR
FÁ FRÍTT Í GARÐINN Í DAG,
FIMMTUDAGINN 17. JÚLÍ OG
50% AFSLÁTT AF MIÐUM
OG DAGPÖSSUM Í TÆKIN.
GARÐURINN ER OPINN MILLI 10 OG 18.**

DAGSKRÁ:

- 15:00 JÓN ARNÓR PÉTURSSON
– sjö ára töframaður skemmtir
- 15:20 MINI REBEL
– nemendaflokkur frá Rebel Dance Studio
dansar við lög úr myndinni Frozen
- 15:30 SKOPPA OG SKRÍTLA
- 15.50 INGÓ VEDURGUD - skemmtir
- 16.10 OPINN HLJÓÐNEMI
- FROSTPINNAR OG BLÖDRUR
frá kl. 14 á meðan að birgðir endast

**TAKTU FJÖLSKYLDUNA MEÐ
OG SÝNDU DÆLULYKILINN VIÐ INNGANGINN.**

SÆKTU UM DÆLULYKIL OG FÁÐU NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.ATLANTSOLIA.IS



netto

Kræsingar & kostakjör

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝTT KORTATÍMABIL

-21%

KJÚKLINGABRINGUR
GÓÐAR Á GRILLID
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.398,-

1.894,-



-43%

KJÚKLINGAKJUÐAR
FRÁBÆRT VERÐ!
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 698,-

398,-



-40%



GRÍSABÓGSNEIÐAR

GRILL

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.498,-

899,-

-35%

CORDON BLEU

350 G

PAKKAVERÐ

VERÐ ÁÐUR 829,-

539,-

TULIP PULLED PORK

550 G

PAKKAVERÐ

VERÐ ÁÐUR 1.698,-

1.494,-

RAUÐSPRETTUFÖK M/ROÐI

ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

PAKKAVERÐ

VERÐ ÁÐUR 998,-

699,-

COCA COLA

1,5 L

STYKKJEVERÐ

VERÐ ÁÐUR 229,-

199,-



-25%

BACHELORS SÚPUR

KJÚKLINGA, SVEPPA, TÓMAT

295 G DÓSIR

VERÐ ÁÐUR 199,-

149,-



JARÐARBER FROSIN

GRATE TASTE 1KG

KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 489,-

399,-

NEKTARÍNUR
PLÓMUR
FERSKJUR

500 G

VERÐ ÁÐUR 398,-

279,-

-30%

-25%

TOSCANABRAUÐ 550 G

BAKAÐ Á STAÐNUM

STYKKJAVEÐ

VERÐ ÁÐUR 398,-

299,-

-40%

JÓGÚRTBRAUÐ 550 G

BAKAÐ Á STAÐNUM

STYKKJAVEÐ

VERÐ ÁÐUR 498,-

299,-

Tilboðin gilda 17. - 20. júlí 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-10%

MS LGG
6X65 ML ALLAR TEG
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-
404,-

MS BENICOL
6X65 ML APPELSÍNU
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 545,-
491,-

MS BENICOL
6X65 ML JARÐARBERJA
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 541,-
487,-

HUGSUM UM HEILSUNA!

NÁKD STYKKI



159 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 189 KR/STK



BETTY CROCKER
DEVILS KÖKUMIX EDA KREM
STYKKJAVERÐ
399,-



TOFFIFEE
100 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 249,-
199,-



MARABOU DAIM
3X28 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 269,-
249,-



SKITTLES
4 Í PAKKA - 4X180G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 398,-
349,-



-30%

MR FREEZE
KLAKALENGJUR
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 69,-
48,-



PRINGLES 43 G
ÓRIGINAL/SOUR CREAM
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 129,-
110,-



MATAR- EÐA MJÓLKURKEX
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ 500 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 359,-
298,-



NETTÓ KAFFI
400 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 549,-
489,-



-25%

Lífrænir bananar
284kr/kg
~~áður 379kr/kg~~

nettó 24
VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD
DAG SEM NÓTT

Ábendingar á bloggsíðu Borgarbókasafnsins: Skemmtilegt lesefni og annað gagnlegt fyrir ungt fólk

Bókvit, bokvit.tumbir.com, er bloggsíða Borgarbókasafnsins fyrir ungt fólk en þar er hægt að fá ábendingar um skemmtilegt lesefni og annað gagnlegt (og líka gagnslaust) sem tengist bókum og bókasöfnum, að því er segir á vef safnsins.

Á leitir.is er hægt að leita að öllu því efni sem til er á bókasöfnum, hvort sem það eru bækur, tímarit, tónlist, kvikmyndir eða hljóðbækur.

Öll söfnin bjóða upp á heita reiti, aðgang að tölvum og netinu gegn vægri greiðslu og aðstöðu til að lesa.



Á BÓKASAFNI Öll söfnin bjóða upp á heita reiti og aðstöðu til að lesa eða spjalla saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nokkur góð ráð frá kokkinum Jamie Oliver um matarvenjur barna:

Börnin fá að ákveða hvað þau borða

Þegar kokkurinn Jamie Oliver var á ferð í Svíþjóð greindi hann frá því hvernig hann færi að því að venja börnin sín á að borða grænmeti. Samkvæmt frásögnum sænskra fjölmiðla lætur hann þau sjálf ákveða hvað þau láta upp í sig. Það hefur þau áhrif að þau bragða á flestum tegundum. Hér á eftir fara nokkur ráð kokksins:

Setjið grænmeti í skálar og látið börnin blanda saman þeim tegundum sem þeim líkar best.

Berið fram sömu tegundir mörgum sinnum en ekki þvinga börnin til þess að smakka. Forvitnin sigrar að lokum.

Leyfið börnunum að taka þátt í innkaupunum og velja ávexti og grænmeti sem þau vilja smakka.

Verið jákvæð. Það er mikilvægast af öllu.



SALAT Best er að láta börnin blanda saman þeim tegundum sem þeim líkar best. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



TOMBÓLA Þessar hnátur höfðu tínt ýmislegt til sem þær seldu til að afla fjár fyrir Rauða krossinn.

Yngstu sjálfboðaliðarnir söfnuðu rúmlega einni milljón í fyrra: 600 börn halda tombólur á hverju ári fyrir Rauða krossinn

Um það bil 600 börn halda tombólur fyrir Rauða krossinn á hverju ári. Þau eru yngstu sjálfboðaliðar Rauða krossins og hafa í gegnum árin sýnt ótrúlega hugmyndaauðgi þegar kemur að fjáröflun fyrir gott málefni, að því er segir á vef Rauða krossins.

Þar segir jafnframt að stuðningur tombólubarna á hverju ári sé Rauða krossinum ákaflega mikils virði og er félagið þakklátt fyrir eljuna og dugnaðinn sem liggur að baki hverri tombólu og fjáröflun yngstu sjálfboðaliðanna.

Tombólubörnin söfnuðu rúmlega einni milljón króna á síðasta ári og allt það fé fór til styrktar börnum í Gambíu.

Best að byrja að slaka á viku fyrir frí

Hætta er á veikindaeinkennum í sjálfu fríinu ef álagið er of mikið rétt fyrir það, segir Einar Baldvin Baldursson, lektor í félagssálfræði. Eðli frísins hefur breyst.

Í stað þess að vinna eins og brjálaðingur fram á síðasta vinnudag til að klára öll verkefni svo hægt sé að fara í sumarfrí með góðri samvisku á að hefja afslöppun vikuna fyrir frí. Þetta ráð gefur Einar Baldvin Baldursson, lektor í félagssálfræði við Álaborgarháskóla.

„Þegar menn komast loks í fríð fellur virknistigið skýndilega. Við það koma fram ýmis einkenni eins og flensueinkenni, höfuðverkur, hiti, kuldaþróllur og óþægindi í maga og baki. Þegar fyrsta vikan fer öll í það að hafa það skítt hefur verið lagt í vitlausu blöndu,“ segir Einar sem hefur sérhæft sig í streitu og hefur langa reynslu af því að veita starfsfólki og stjórnendum ráðleggingar um bætta hag í vinnu.

Hann segir hlutverk frísins hafa breyst frá því sem var fyrir nokkrum áratugum. Í iðnaðarsamfélaginu hafi verið lítið á fríið sem afslöppunartíma. „Sumarfrísferðir voru seldar sem afslöppunarferðir og sérstök rök fyrir því að sumar ferðir væru betri en aðrar voru þau að brennivínið væri billegra.“

Samfélagið hefur hins vegar breyst, að því er Einar bendir á. „Nú er ekki bara lítið á vinnuna sem tæki til að afla tekna heldur á það sem maður vill samsama sig við. Þungamiðjan er í kringum vinnuna og það er erfitt að leggja starfið til hliðar. Á sama tíma hefur hlutur fjölskyldunnar minnkað gríðarlega.“

Hann segir mörg störf krefjast sveigjanleika hjá starfsmönnum og að þeir séu skapandi. „En fólk dettur aldrei í hug hvað þarf til. Heilinn þarf á sérstökum tegund-



STREITA Ekki er gott að vinna eins og brjálaðingur fram á síðasta vinnudag fyrir frí. NORDICPHOTOS/GETTY

um á minningum að halda, það er að segja ríku minningum. Við búum ekki til svoleiðis minningar í hversdagslífinu. Í því er allt sett í kassa, kúlar og þríhyrninga. Heilinn er í því að einfalda hlutina. Í fríinu getur heilinn hins vegar upplifað ríku minningarnar sem hann þarfnast.“

Einar segir menn fara í frí, sem skiptir meira máli en áður fyrr, á kolröngum forsendum. „Mín til-laga er sú að líta eigi á fríið sem mikilvægasta tímann til þess að endurnýja fjölskyldutengslin en í það þarf orku. Mitt ráð er að byrja að byggja upp afslöppun viku fyrir frí. Það gerir maður fyrst



Þegar fyrsta vikan fer öll í það að hafa það skítt hefur verið lagt í vitlausu blöndu.

Einar Baldvin Baldursson, lektor í félagssálfræði

og fremst með því að vinna hægt. Svo á maður að skilja eftir eitt gott verkefni á skrifborðinu svo að maður viti hvað bíður manns þegar maður kemur úr fríinu.“

ibs@frettabladid.is

EIBENSTOCK
Quality power tools since 1919

Made in Germany

Hrærður en ekki hristur

Drive-HM-120C 1200W
- 12cm Hrærípinni - 2 hraðar
17.990

Drive-HM-160 Tvöföld
1600W 2 hraðar
27.990

Eibenstock EHR
20/2,5 1300W
49.900

5 ára reynsla á Íslandi
Varahlutabjónusta

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Sérfræðingur hjá norsku umferðarstofunni gefur ráð við þreytu í akstri:

Hænuþlundur er áhrifarík

Að drekka kaffi og kóladyrki er góð aðferð til að koma í veg fyrir þreytu við akstur. Sé maður þegar orðinn syfjaður hefur koffín lítil áhrif því að þreytan gerir þá fljótt aftur vart við sig. Þetta hefur norska ríkisútvarpið eftir sérfræðingi hjá norsku umferðarstofunni.

Sérfræðingurinn, Guro Ranæs, segir betra að stöðva bílinn og fá sér 15 mínútna hænuþlund. Það sé það eina sem virki þegar maður er orðinn þreyttur og beri mikinn árangur. Ranæs segir ekki nauðsynlegt að leggjast til hvílu í bílnum. Nóg sé að halla sætinu svolítið til að geta slakað vel á.

Á fréttavef norska ríkisútvarpsins er jafnframt bent á að ekki sé sama hvað borðað er áður en haldið er í langa ökuferð. Best sé að borða ávexti og grænmeti og drekka ósykrað vatn áður en sest er undir stýri. Kjöt og þungar máltíðir séu hins vegar slævandi.



Á FERÐ Að drekka kaffi gagnast lítið þegar maður er þegar orðinn syfjaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T





20%
afsláttur af
hágæða **AEG**
eldhústækjum
með kaupum á HTH
eldhúsinnréttingum

NÝTT

Model Oslo · Verðdæmi kr. 338.400,- (sbr. mynd)



INNRETTINGAR



Það er alt hægt!

- ⊙ eldhúsinnréttingar
- ⊙ baðinnréttingar
- ⊙ þvottahúsinnréttingar
- ⊙ fataskápar

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju draumaeldhúsi fyrir þig, án skuldbindinga, og gerum þér frábært verðtilboð.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.



ORMSSON

Opið:

Mánudaga – föstudaga frá kl. 10-18 / Lokað á laugardögum í sumar
Ath: Á Akureyri er HTH sýningarsalur í ORMSSON, Furuvöllum 5

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · www.ormsson.is



FASTEIGNIR Hámarksverðmæti eigna sem lánað er út á verður 40 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fagna ákvörðun stjórnvalda: ESA hættir rannsókn á ÍLS

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, fagnar því að íslensk stjórnvöld hafi fallist á að breyta starfsemi Íbúðalánasjóðs þannig að hún samræmist ríkisstyrkja-reglum EES-samningsins. Þetta segir Oda Helen Sletnes, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, í tilkynningu. ESA hefur ákveðið að ljúka rannsókn sinni á málefnum Íbúðalánasjóðs vegna ákvörðunar stjórnvalda. Breytingarnar fela meðal annars í sér að lánahlutfall Íbúðalánasjóðs verður á bilinu 60%–80% af verði íbúðar. Hámarksverðmæti eigna sem lánað verður út á mun verða 40 milljónir króna. Þessar takmarkanir verða háðar árlegri endurskoðun.

-jhh

Panta ferð til að flýja regnið

Ferðaskrifstofur anna varla eftirspurn eftir sólarlandaferðum. Margir virðast komnir með nóg af rigningu og panta ferðir með stuttum fyrirvara út í sólina. Ferðaskrifstofur segja óvanalegt að júlí sé svo mikið bókaður.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

Þeir ferðaþjónustuaðilar sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að sumarið hafi farið vel af stað.

Meiri sala var í maí á utanlandsferðum en undanfarin ár og í júní fjölgaði íslenskum farþegum á Keflavíkflugvelli um nærri fimm þúsund miðað við sama tíma í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu.

Salan í júlí er aftur á móti óvenjuleg miðað við önnur ár enda vilja Íslendingar yfirleitt vera heima um hásumar. Rigningartíðin hefur valdið því að fjölmargir Íslendingar panta sér ferðir með stuttum fyrirvara út í sólina.

Þyri Kristínardóttir, sölustjóri Heimsferða, segir rigninguna ekki fara fram hjá sölumönnum ferðaskrifstofunnar.

„Fólk byrjar í frínu og reynir að vera bjartsýnt. Svo eftir viku af rigningu birtist það hér hjá okkur, leggst fram á borðið hjá sölumönnum grátklökkt og spyr hvort það sé eitthvað laust,“ segir Þyri og bætir við að sölumenn hafi staðið frammi fyrir því að eiga ekkert fyrir viðkomandi og þá verða menn fyrst örvæntingarfyllir.

„Júlí er að verða uppþokaður sem er mjög óvanalegt. Öll tilboð sem eru sett á sölu seljast upp. Á föstudaginn voru til að mynda tólf sæti sett í sölu og seldust á tíu mínútum.“ Margrét Helgadóttir, fram-



Í SÓLINNI Salan í júlí á sólarlandaferðum með stuttum fyrirvara er með besta móti.

NORDICPHOTOS/GETTY

kvæmdastjóri Úrvals Útsýnar, tekur undir orð Þyri. „Þetta er aðallega fjölskyldufólk sem er búið að fá nóg af veðrinu og flestir panta ferðir til Spánar eða Tyrklands. Þetta er fólk sem ætlaði að eyða sumrinu heima en tekur ákvörðun á síðustu stundu um að fara til sólarlanda.“ Kristján Sigurjónsson, eigandi Túristi.is, segir að það leyni sér ekki að fleiri kaupir skynditilboð á netinu.

„Sá mælikvarði sem ég hef er að ég tek saman upplýsingar um tilboð sem eru í boði á sólarlandaferðum með stuttum fyrirvara. Tilboðin eru mun færri og verðið er hærra en vanalega.“

Samkvæmt nýjustu veðurspá er ekki mikil sól í kortunum en þó helst á Norðurlandi og Austurlandi. Reykvíkingar geta aftur á móti fyrst búið við að sjá sólina 25. júlí samkvæmt norsku veðurspánni yr.no.

„Þetta er fólk sem ætlaði að eyða sumrinu heima en tekur ákvörðun á síðustu stundu um að fara til sólarlanda.“

Margrét Helgadóttir framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar

Íslenskur Dala Kastali – blár og hvítur

Mjúkir og bragðmildir mygluostar með ljúfu eftirbragði. Tilvaldir einir og sér, tveir saman – eða með öðrum. Gríptu með þér Kastala í næstu verslun.

NÝJAR UMBÚÐIR



30 prósent fleiri leita til Neytendasamtakanna: Mikil fjölgun erinda


Það hefur verið nóg að gera hjá Neytendasamtökunum það sem af er ári við að svara kvörtunum þess sem samtökunum hafa borist. Fyrstu sex mánuði ársins fjölgaði erindum sem Neytendasamtökunum bárust um 30 prósent, en alls bárust 4.144 erindi. Til samanburðar tóku starfsmenn samtakanna á móti 3.170 erindum á fyrri helmingi síðasta árs.

Neytendasamtökin segja á heimasíðu sinni að þessi mikla fjölgun sé fagnaðarefni þótt vissulega sé slæmt að svo margir neytendur lendi í vandræðum vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þetta sýni að samtökin hafi mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að upplýsingagjöf til neytenda og að leiðbeina þeim eða aðstoða í einstökum deilumálum.

Erindum sem samtökunum berast er skipt í fjóra meginflokkka en flest erindin, eða 1.260 talsins, voru vegna vörukaupa. Þar á eftir komu erindi vegna þjónustukaupa en þau voru 1.103. Þá voru um þúsund sem kvörtuðu vegna húsaleigu og heldur færri sem sendu inn erindi almenns eðlis.

Flestir neytendur hafa samband símleidis, en einnig er nokkuð um

→ Kvartanir til Neytendasamtakanna á fyrri helmingi ársins



■ Almenn erindi ■ Kaup á þjónustu
■ Kaup á vörum ■ Húsaleiga

að erindi berist með tölvupósti og að fólk heimsæki skrifstofu samtakanna. Einnig er nú hægt að setja inn fyrirspurnir á fésbókar síðu samtakanna, en sú síða er nú með tæplega 2.200 fylgjendur.

-jme

Neytendastofa eykur eftirlit með forpökkuðu: Rangt vigtað í 14% tilvika

Neytendastofa hefur aukið eftirlit með forpökkuðum vörum í stað þess að fylgjast nær eingöngu með mælitækjunum við framleiðslu, búðarkassa eða kjötborð verslana.

Forpökkaðar vörur frá 23 íslenskum framleiðendum voru kannaðar á vegum Neytendastofu árið 2013.

Niðurstöðurnar urða þær að af 37 vörutegundum féllu 5, eða tæp 14 prósent. Vörutegundirnar féllu ýmist á því að meðalþyngd þeirra reyndist neðan við leyfilegt gildi eða of margar pakkningar mældust undir leyfilegu einföldu fráviki. -jme



VALKVÍÐI Ungur maður virðir fyrir sér úrval forpökkaðrar kjötvöru í matvöruverslun.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÓKULL

ENN BETRA VERÐ!

ÖLL REIÐHJÓL ÁN VIRÐISÁUKASKATTS*

DAGANA 17.-20. JÚLÍ

TAX FREE DAGAR



FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& GÆÐI

FRÍ
HEIMSENDING

Allt vörurvalið er fánlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni, Holtgöðum og www.hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. ** Frí yfirferð og ástandskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá vörumerkjum fagaðila.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Minnkar hlut sinn í Högum: Seldi fyrir 49 milljónir króna

Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, seldi í gær 1.150.000 hluti í Högum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Högum til Kauphallarinnar. Guðmundur seldi á genginu 42,5 og því er heildarsöluandvirði hlutarins tæpar 49 milljónir króna.

Eftir sölu á Guðmundur 1.285.172 hluti í fyrirtækinu. Heildarverðmæti þeirra hluta er tæpar 55 milljónir króna. Þetta kom fram í tilkynningu frá Kauphöll Íslands.

-jhh

Forsvarsmenn Silicor Materials hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um raforkukaup fyrir sólar kísilver: Silicor fær 35 MW frá Orku náttúrunnar

Stjórnendur Orku náttúrunnar (ON), dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um sölu á 35 megavöttum af raforku til fyrirhugaðs sólar kísilvers bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials.

Í fréttatilkynningu ON segir að afhending eigi að hefjast árið 2016 og að engin áform um byggingu nýrra virkjana fylgi samkomulaginu.

„Á næstu misserum renna út samningar um orkusölu til Lands-

virkjunar, sem Orkuveita Reykjavíkur gerði á árunum 1997 og 2000. Með viljayfirlýsingu er áformað að ráðstafa þeirri orku til sólar kísilversins. Leiði viljayfirlýsingin til samnings hækkar það verð sem Orka náttúrunnar fær fyrir rafmagn,“ segir í tilkynningunni.

Þegar Fréttablaðið greindi frá áformum Silicor í febrúar síðastliðnum kom fram að verksmiðjan þyrfti 80 megavött í fullum afköstum. Kom þá einnig fram að

fyrirtækið ætti í viðræðum við Landsvirkjun, sem Silicor staðfesti í gær. Viðræðurnar eru samkvæmt heimildum um kaup á þeim 45 megavöttum sem verksmiðjan þyrfti til viðbótar.

Eins og áður hefur komið fram hyggst Silicor framleiða allt að 19 þúsund tonn af sólar kísil á ári í 77 milljarða króna verksmiðju á Grundartanga. Fyrirtækið vonast til að framkvæmdir geti hafist síðar á þessu ári og að verksmiðjan taki til starfa árið 2016.

-hg



GRUNDARTANGI Verksmiðjan er sögð geta skapað um 400 störf.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



VÖXTUR Að jafnaði jókst kortavelta einstaklinga um 5,1 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Kortavelta jókst um 7,3 prósent milli ára í júní:

Einkaneysla heldur áfram að aukast

Kortavelta einstaklinga jókst um 7,3 prósent að raungildi í júní frá sama mánuði í fyrra samkvæmt tölum Seðlabankans.

Þar af jókst kortavelta innanlands að raungildi um 5,6 prósent en kortavelta erlendis um 20,6 prósent.

Greining Íslandsbanka segir að vöxturinn sé á svipuðum nótum og hann var í maí síðastliðnum og bendi til aukinnar einkaneyslu.

Allt bendir til þess að vöxtur einkaneyslu muni mælast umtalsverður á öðrum fjórðungi ársins.

Að jafnaði óx kortavelta einstaklinga um 5,1 prósent að raungildi á öðrum ársfjórðungi frá sama tíma árið áður. Þar af jókst kortavelta innanlands um 3,4 prósent en kortavelta erlendis um 19,0 prósent.

Áfram er búist við aukinni veltu.

-jhh

Gagnrýnir loforð um netskjól á Íslandi

IceBrowser fullyrðir að hugbúnaður þess geti aukið netöryggi notenda með því að beina umferðinni í gegnum Ísland. Ekki hægt að fullyrða að Ísland standi flestum öðrum þjóðum frammar þegar kemur að friðhelgi einkalífs, segir þingmaður Pírata.


„Loforðið er ótrúverðugt því Íslandi er þarna lýst sem einfaldri galdrausn við frekar flóknu vandamáli,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, um fullyrðingar IceBrowser ehf. um að Ísland standi flestum öðrum þjóðum frammar þegar kemur að friðhelgi einkalífs.

IceBrowser var stofnað hér á landi í maí síðastliðnum af fjárfestum frá Kaliforníu. Bandaríska tímaritið Forbes birti nýverið viðtal við einn af forsvarsmönnum félagsins, Jeff Bermant, þar sem hann fullyrðir að hugbúnaður þess, sem er viðbót við Firefox-vafrann, geti aukið netöryggi notenda um allan heim. Ástæðan sé meðal annars að netumferð sé beint í gegnum vefþjóna á Íslandi þar sem séu fyrir lög sem dragi úr líkunum á því að fyrirtæki og stjórnvöld ríkja geti nálgast upplýsingar um netnotkun og önnur gögn notenda. Þá fullyrðingunni má einnig finna á heimasíðu IceBrowser.

„Við erum vissulega ekki með verstu lögin en við erum ekki komin á þann stað að það sé hægt að fullyrða að Ísland sé með ein sterkustu friðhelgislög í heimi,“ segir Helgi.

Stýrihópi um framkvæmd þingsályktunar um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, sem samþykkt var árið 2010, hefur meðal annars verið falið að benda á leiðir að auknu netöryggi. Aðalheiður Ámundadóttir, lögfræðingur og stjórnarmaður í IMMI, alþjóðlegri stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, sem var stofnuð í kjölfar þingsályktunarinnar, bendir á að hér skorti dómafordæmi sem staðfesti það öryggi sem eigi að felast í íslenskum lögum.

„Við vitum ekki hvað gerist ef



HEIMASÍÐAN IceBrowser bendir einnig á aðra eiginleika hugbúnaðarins eins og dulkóðun gagna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



AÐALHEIÐUR ÁMUNDADÓTTIR

lögreglan krefst gagna og hvað þá ef stjórnvöld í erlendum ríkjum krefjast þess að íslensk yfirvöld veiti þeim einhvern aðgang. Á meðan íslenskir dómstólar hafa ekki fengið að takast á við svona spurningar er erfitt fyrir okkur að átta okkur á því,“ segir Aðalheiður.

Hún segir IMMI reglulega fá fyrirspurnir frá fólki sem vilji stofna fyrirtæki hér á landi í þeim tilgangi að bjóða upp á þjónustu sem feli í sér aukið netöryggi.

„Þingsályktunin hefur verið samþykkt en vinnunni við að koma henni til framkvæmdar er ekki lokið. Því er erfitt fyrir okkur að svara þessum spurningum og lofa einhverju því hér gæti komið dómur frá Hæstarétti sem segði eitthvað þveröfugt með vísun í almannahagsmunum og þjóðaröryggi,“ segir




Við erum vissulega ekki með verstu lögin en við erum ekki komin á þann stað að það sé hægt að fullyrða að Ísland sé með ein sterkustu friðhelgislög í heimi.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata

Aðalheiður og heldur áfram: „Markaðurinn og samkeppnin um bestu friðhelgislausnirnar og löggjöfin þurfa hins vegar að haldast í hendur. Því fagna ég því þegar einkafyrirtæki bjóða lausnir sem eiga að auka netöryggi.“

haraldur@frettabladid.is



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

**Austurvegur 51-59 Selfossi-
skipulagslýsing.**

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu deiliskipulags fyrir Austurveg 51- 59 Selfossi.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem er skilgreint sem miðsvæði. Skipulagssvæðið afmarkast af lóðamörkum Grænumarkar 5 í vestur, götunni Heiðmörk í austur, Austurvegar í suður og lóðamörkum lóðanna Austurvegar 51- 59 í norður.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 1. ágúst 2014. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>

Selfossi 15. júlí 2014.

Bárður Guðmundsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

Nýir eigendur vilja endurráða starfsfólk og opna í Borgartúni á mánudag:

Kaupa rekstur Lifandi markaðar

Skiptastjóri þrotabús Lifandi markaðar hefur selt veitingastaði og verslanir fyrirtækisins til nokkurra mismunandi aðila.

Hjónin Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Ellert Aðalsteinson keyptu rekstur veitingastaðarins í Borgartúni.

Þórdís og Ellert eru bæði fjárfestar, auk þess sem Ellert er margfaldur Íslandsmeistari í leirdufuskottfimi. Þau kaupa vörumerkið og reksturinn í Borgartúni af skiptastjóra í gegnum einkahlutafélagið EE Development.

Í tilkynningu frá EE Development segir Þórdís að stefnt sé á að opna Lifandi markað í Borgartúni strax á mánudag. Þar segir jafnframt að eindreginn vilji sé til þess að endurráða starfsfólk



LIFANDI Verslanirnar og veitingastaðurinn eru opin þrátt fyrir gjaldþrotáurskurðinn.

Lifandi markaðar. Öllum sjöttu starfsmönnum fyrirtækisins var sagt upp í gær. Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota þann 4. júlí síðastliðinn.

Fyrirtækið rak þrjár matvöruverslanir á höfuðborgarsvæð-

inu og veitingastaðinn. Það tapaði samtals rúmum 90 milljónum króna á árunum 2011 og 2012 samkvæmt ársreikningi. Fyrirtækið var í eigu Auðar I fagfjárfestingasjóds sem er framtakssjóður sem var rekinn af Virðingun.

-bá / hks

the
PIER

ÚTSALA

10-80% AFSLÁTTUR

 Finndu okkur
á facebook
facebook.com/the pier

**NÝTT
KORTA-
TÍMABIL**
17. júlí

Ekkí missa af!!
30% afsláttur
af sumarvörum
blómum

**3
FYRIR
2**
PÚÐAR

20%
AFSLÁTTUR
af glösum

**3
FYRIR
2**
SNYRTI-
VÖRUR

**ÚT
SALA**
30%
AFSLÁTTUR

A WORLD OF INSPIRATION
the
PIER
FOR YOUR HOME

Enn berjast Palestínnumenn og Ísraelar:

Öfgarnar næra ófriðinn

Enn einu sinni hefur ófriður blossað upp á milli Ísraela og Palestínnumanna. Enn eina ferðina ofbýður fólk um allan heim framganga Ísraela, sem hafa yfirhöndina í krafti yfirgnæfandi hernaðarmáttar og hafa fellt tugi óbreyttra borgara í árásum sínum á Hamas-hreyfinguna, þar á meðal fjölda kyvenna og barna.

Það er sjálfsgöð krafa að Ísraelsher hætti þegar í stað árásum á Gaza-svæðið, fari að alþjóðalögum og hætti mannréttindabrotum gagnvart Palestínnumönnum. Það er jafnsjálfsgöð krafa að Hamas-liðar hætti árásum sínum á Ísrael. Það er ekki þeim að þakka að aðeins einn Ísraelsmaður hefur fallið, á móti meira en tvö hundruð Palestínnumönnum. Eldflaugar þeirra eru lélegar og varnir Ísraelsmanna góðar. Almennir borgarar í Ísrael eiga hins vegar að sjálfsgöðu ekki að þurfa að búa við ógn af loftárásum frekar en íbúar nokkurs annars lands.

Ísraelar voru reiðubúnir að fallast á tillögu Egypta um vopnahlé, en Hamas-liðar ekki. Þeir síðarnefndu hafa meðal annars gert að skilyrði að Ísraelar leyfi frjálsa flutninga fólks og varnings um landamæri Gaza-svæðisins og aflétti hafnbanni.

Það er líka sanngjörn krafa, því að herkví Ísraela um Gaza hefur aukið mjög á fátækt og neyð palestínsks almennings. Hins vegar er þetta ekki einfalt mál frekar en neitt annað í deilum Ísraela og Palestínnumanna. Flutningabanninu var komið á til að reyna að hindra vopnasmýgl Hamas og annarra samtaka Palestínnumanna inn á svæðið. Nú segja harðlínnumenn í Ísrael ýmist að greinilega hafi bannið ekki skilað sínu og það þurfi enn að herða það, eða að það hafi að minnsta kosti borið þann árangur að Hamas-liðar skjóti aðallega lélegum heimasmiðuðum eldflaugum á Ísrael og því sé sjálfsgöð að viðhalda því. Jafnvel hófsamari öfl í Ísrael trúá því ekki að Hamas noti ekki tækifærið til að efla getu sína til árása á ísraelska borgara.

Leiðtogar Hamas ættu að vita að sjálfstætt Palestínuríki verður aldrei til með vopnavaldi, til þess eru hernaðarlegir yfirburðir Ísraels of miklir. Það eru hins vegar enn of margir í þeim herbúðum sem líta á eyðingu Ísraelsríkis sem markmið sitt.

Ísraelsmegin er líka nóg af öfgamönnum, sem taka árásum Hamas-liða í raun fagnandi og líta á þær sem afsökun til að ráðast á þá, veikja andspyrnumátt Palestínnumanna og sundra þeim enn frekar. Benjamin Netanyahu forsætisráðherra tekur fegins hendi tækifærinu til að nota ófriðinn á Gaza sem afsökun fyrir að halda áfram landtöku á Vesturbakkanum og grafa enn frekar undan möguleikum að myndu heildstætt palestínskt ríki.

Lausn á átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs næst ekki nema báðir slái af kröfum sínum og sýni raunverulegan vilja til að tvö ríki verði til, sem hvort um sig getur notið friðar og öryggis. Því miður vantar enn verulega upp á þann vilja, bæði hjá Ísraelum og Palestínnumönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrenu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

TÍMAMÓTAVERK

Vegahandbókin í snjalltækin



VEGA
HANDBÓKIN

Snjallsímaútgáfan fylgir bókinni

- Yfir 3.000 staðir
- Þúsundir þjónustuaðila
- Kort sem sýnir staðsetningu
- Sía, notandi ræður hvaða þjónustumerki birtast
- Leit, hægt að leita eftir stöðum og þjónustu
- Bókamerki, hægt að geyma og safna stöðum
- Tungumál, íslenska, enska og þýska

VERÐ KR. 5.490,-

Hægt að skipta gamalli bók upp í nýja og fá 1.000,- kr. afslátt af þeirri nýju (aðeins í bókabúðum)

VEGAHANDBÓKIN ehf. • www.vegahandbokin.is
Sundaborg 9 • 104 Reykjavík • Sími 562 2600

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aftur eftir tíu ár

Reykjavíkurbúur Davíðs Oddssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, um Tryggva Gunnarsson, sem síðar reyndist vera alnafni umboðsmanns Alþingis, vakti athygli um helgina. Minnugir menn rifjuðu fljótlega upp að þetta er ekki í fyrsta sinn sem fréttir berast af samskiptum Davíðs og Tryggva. DV sagði frá því fyrir tíu árum að Davíð hefði haft í hótunum við umboðsmann Alþingis eftir að sá síðarnefndi gaf út álit á skipan Ólafs Barkar Þorvaldssonar í embætti hæstaréttardómara. Umboðsmaður Alþingis setti þá reglur um samskipti stjórnvalda og umboðsmanns. Tíu ár eru liðin og ætli það þurfi ekki að bíða í önnur tíu eftir nýjum fréttum af samskiptum þeirra félaga.

Varla á kosningaári

Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn segir að ekki verið unnt að afnema fjármagnshöft fyrir en 2017, eins og Stöð 2 greindi frá. En látum sem svo að greining Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins sé rétt og við verðum að bíða í þrjú ár í viðbót, þá er rétt að staldra við þá hugmynd. Næstu áætluðu þingkosningar eru einmitt 2017. Vegna áhættunnar sem fylgir afnámi fjármagnshafta, með mögulegri gengislækkun og tilheyrandi verðbóluskoti, er varla hægt að búast við því að nokkur



stjórnmalamaður þori að fara í slíkar aðgerðir á kosningaári. Ætli biðin geti því ekki orðið eitthvað lengri?

Takk, Oddný!

Það er komið babb í bátinn við gerð Vaðlaheiðarganga. Þar flæðir mikið af heitu vatni sem hægir á framkvæmdum. Vaðlaheiðargöngur eru gerð í einkaframkvæmd og aldrei stóð til að þau yrðu fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Til að allt gengi snurðulaust fyrir sig ákvað Oddný G. Harðardóttir, þáverandi fjármálaráðherra, og þingheimur að veita tíu milljarða ríkisábyrgð á lán sem verkefnið var fjármagnað með. Takk, Oddný, takk kærlega fyrir það! Það er nú hagur allra skattgreiðenda að farsællaga leysist úr því vandamálinu.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Frjáls verslun

VIÐSKIPTI



Elín Hirst alþingismaður

Það var ekki fyrr en árið 1976 að mjólkurbúðir voru lagðar niður, en fram að þeim tíma var aðeins hægt að kaupa mjólk, rjóma og skyr í sérverslunum Mjólkursamsölunnar. Fram til ársins 1982 mátti enginn selja símtæki í landinu nema ríkisfyrirtækið Póstur og sími. Glæraugu fengust aðeins í sérverslunum og sömu sögu var að segja um bækur.

Það var hinn merki athafnamaður Pálmi í Hagkaup sem braut þá einokun á bak aftur með því að hefja sölu hvors tveggja í Hagkaupsverslunum sínum á lægra verði. Ég man líka eftir finnsku kartöflunum í Hagkaup sem urðu m.a. til þess að reglum um sölu á þessum matvælum var breytt til hagsbóta fyrir neytendur.

Einkennilegir verslunarhættir

Þegar maður hugsar til þaka þá finnst manni þetta afar einkennilegir verslunarhættir, svo að ekki sé meira sagt og erfitt að skilja hvað mönnum gekk til. Ekki síst í ljósi þess að eitt af grundvallarmálum í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga var einmitt að losna úr viðjum verslunareinokunar og leyfa frjálsa verslun.

Svo virðist sem við séum enn við sama heygardshornið á mörgum sviðum verslunar árið 2014; föst í gamaldags viðhorfum. Hvers vegna eru til dæmis lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld ekki seld í stórmörkuð-

→ **Neytendamál eru afar mikilvægur málaflokkur og örugglega vanmetinn af ýmsum. Íslenskur almenningur á rétt á því framfarir verði á þessum sviðum sem og öðrum.**

um? Er einokun ríkisins á áfengissölu ef til vill tímaskekkja? Hvernig stendur á því að flutt er inn erlent beikon og það selt sem íslenskt án þess að neytendur hafi hugmynd um það? Er ekki kominn tími til að íslensk stjórnvöld staldri við og líti yfir sviðið með hagsmunum neytenda að leiðarljósi? Eins og hin sögulegu dæmi sanna er ávallt hætta á að við verðum samdauna ríkjandi ástandi.

Mikilvægur málaflokkur

Það sem fær mig til að setja þessar hugleiðingar á blað eru fregnir um að bandaríska verslunarkæðjan Costco vilji inn á íslenskan markað og umræðan sem skapast hefur í kjölfarið. Alþingismenn eiga starf fyrir höndum á næsta þingi að skoða regluverk þessara mála ofan í kjölinn. Neytendamál eru afar mikilvægur málaflokkur og örugglega vanmetinn af ýmsum. Íslenskur almenningur á rétt á því að framfarir verði á þessum sviðum sem og öðrum.

Er byggðastefna blótsyrði?

Á undanföllum áratugum hafa mörkin milli þéttbýlis og dreifbýlis orðið sífellt flóknari og óskýrari í flestum vestrænum löndum. Bættar samgöngur, framfarir í samskiptatækni og sveigjanlegri atvinnuhættir hafa skapað margvísleg ný tækifæri til atvinnu og búsetu um leið og sérhæfing á vinnumarkaði hefur aukist og störfum í hefðbundinni frumframleiðslu á borð við sjávarútveg og landbúnað fækkað til muna.



Þóroddur Bjarnason
prófessor við Háskólann á Akureyri og formaður stjórnar Byggingastofnunar

við honum með markvissum hætti ef um það næst samstaða meðal þjóðarinnar og pólitískur vilji er fyrir hendi. Mikilvægt er að höfuðborgarsvæðið og önnur vaxtarsvæði landsins fái áfram að dafna. Það er jafnframt mikilvægt að stjórnvöld tryggi öflugt stoðkerfi atvinnulífsins, sanngjarna dreifingu opinberra starfa og opinbera þjónustu í heimabyggð eftir því sem mannfjöldi leyfir. Með samgöngubótum má styrkja og þetta

vaxtarsvæði landsins, stækka þau og tengja með hagkvæmum hætti. Mikilvægi netsamskipta og öflugra gagnaflutninga fer jafnframt sífellt vaxandi og nauðsynlegt að hraðar tækniframfarir á því sviði nái sem fyrst til allra landsmanna. Þá er afhendingaröryggi og sambærilegur orkukostnaður einstaklinga og fyrirtækja mikilvæg forsenda viðunandi búsetuskilyrða um allt land.

Draga þarf úr óvissu í brotþættum byggðum með því að skilgreina með skýrum hætti þá opinberu þjónustu sem íbúarnir eiga rétt á í heimabyggð, hvernig hún verði tryggð til lengri tíma og

hvernig íbúarnir geti með auðveldum og ódýrum hætti sótt aðra þjónustu til svæðisbundinna þjónustukjarna eða höfuðborgarsvæðisins. Tryggja þarf stöðugleika sjávarútvegs í þeim sjávarbyggðum sem liggja utan stærri vinnusóknarsvæða ef þær eiga að halda velli til langframa. Huga þarf að grunngerð sveitasamfélaga og nýta opinberan stuðning við landbúnað með markvissari hætti til að styrkja samfélagsgerðina, auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði og treysta svæðisbundna þjónustukjarna í sessi.

Umfram allt er þó nauðsynlegt að

→ **Samspil ólíkra byggðarlaga hefur verið meðal helstu drifkrafta vaxtar og framfara um allt land um tveggja alda skeið**

stuðla að faglegri og sanngjarnari umræðu um byggðamál og skapa breiðari sátt um helstu markmið íslenskrar byggðastefnu. Það er sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar allrar að stuðla að fjölbreyttum búsetukostum og sjálfbærum samfélögum um land allt, fremur en að setja öll sín egg í sömu körfuna.

Þá hafa auknar kröfur um aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu, verslun og þjónustu víða leitt til dreifðari starfsemi og vaxtar smærri þjónustukjarna. Utan stórborganna blandast hefðbundið borgarsamfélag og hefðbundið dreifbýli nú í vaxandi mæli á atvinnu- og þjónustusvæðum stórra og smárra borga, úthverfa, bæja, þorpa og sveita. Veruleg fólksfækkun er nú víðast hvar einkum bundin við afskekktari byggðarlög sem búa við einhæfni í atvinnulífi og takmarkaðan aðgang að þeim lífsgæðum sem einkenna fjölbreytt nútímasamfélög.

Þótt Reykjavík sé smáborg á alþjóðlegan mælikvarða býður hún upp á fjölbreytt tækifæri til atvinnu, afþreyingar, menntunar, menningar og þjónustu. Um tveir af hverjum þremur landsmönnum búa á höfuðborgarsvæðinu og enn fleiri hafa búið þar um lengri eða skemmri tíma. Jafnframt er Reykjavík nokkurs konar miðstöð hins alþjóðlega nútímasamfélags á Íslandi sem veitir alþjóðlegum straumum og stefnum í menningu, stjórnárum og efnahagslífi um allt land. Þótt borginni og landsbyggðunum sé stundum stillt upp sem andstæðum og jafnvel andstæðingum í neikvæðri opinberri umræðu um byggðamál hefur samspil ólíkra byggðarlaga verið meðal helstu drifkrafta vaxtar og framfara um allt land um tveggja alda skeið.

Íbúum landsbyggðanna hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu öld og eru þeir nú fleiri en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni. Jafnframt hefur fjölbreytni atvinnulífs og búsetukosta aukist til mikilla muna. Á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum njóta um 50 þúsund landsmenn lífsgæða smærri samfélaga, nálægðar við náttúruna og lægra húsnæðisverðs í seilingarfjarlægð frá fjölbreyttu borgarsamfélagi Reykjavíkur. Á ysta jaðri þess svæðis hafa sjávarbyggðir á Snæfellsnesi og í Vestmannaeyjum haldið sínum hlut að mestu. Í samspieli við helstu byggðakjarna í Skagafirði, Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu styður borgarsamfélag Akureyrar fjölbreytta verslun, þjónustu, menntun og menningu meðal um 30 þúsund íbúa Mið-Norðurlands. Á Austurlandi hefur orðið mikil uppbygging í stóriðju, sjávarútvegi og ferðaþjónustu og mynda Fljótisdals-hérað og Fjarðabyggð saman tiltölulega fjölbreytt en nokkuð brotkennt atvinnu- og þjónustusvæði með um tíu þúsund íbúa.

Auðvelt að bregðast við

Verulegur samdráttur og fólksfækkun eru að mestu bundin við svæði þar sem um 5% þjóðarinnar er búsett. Tækniframfarir, sérhæfing og samþjöppun framleiðslunnar hafa víða leitt til fækkunar starfa í sjávarútvegi, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Fólki hefur fækkað umtalsvert í sveitum og byggðakjörnum sem byggja einkum á þjónustu við landbúnað. Sömu leiðis hafa smærri sjávarþorp víða átt erfitt uppdráttar vegna breytinga í veiðum og vinnslu og óvissu um aflaheimildir. Á sama tíma hafa strjálbýli og erfiðar samgöngur á ákveðnum svæðum staðið annarri atvinnuuppbyggingu fyrir þrífum og takmarkað aðgengi að gæðum fjölbreytts nútímasamfélags.

Alvarlegur byggðavandi á Íslandi er landfræðilega afmarkaður og nær til lítils hluta þjóðarinnar. Því er tiltölulega auðvelt að bregðast



Ástríða í matargerð

HEIMILISMATUR

PRÓFAÐU NÝJA HEIMILISMATINN FRÁ ORA

ÞRJÁR MATARMIKLAR SÚPUR



HEIMILISMATUR ORA ER FLJÓTLEGUR, ÞÆGILEGUR OG BRAGÐGÓÐUR. AUÐVELT ER AÐ HITTA SÚPURNAR UPP Í POTTI EÐA ÖRBYLGJUOFNI. ORA BÝÐUR UPP Á ÞRJÁR NÝJAR OG LJÚFFENGAR SÚPUR: MEXÍKÓSK SÚPA MEÐ KJÚKLINGI, ÍSLENSK KJÖTSÚPA OG HUMARSÚPA

KITLAÐU BRAGÐLAUKANA OG FÁÐU ÞÉR LJÚFFENGA SÚPU FRÁ ORA Í NÆSTU VERSLUN

WWW.ORA.IS





Síminn 

Vertu með Síamamótið í vasanum

m.simamotid.is

Síminn er aðalstyrktaraðili Síamamótsins 2014

Síamamótið í knattspyrnu fer fram í Kópavogi helgina 17.-20. júlí.

Á sérstakri farsímasíðu mótsins getur þú fylgst með fréttum og tilkynningum frá mótinu og séð tímasetningu og staðsetningu leikja. Einnig verða þar birt úrslit leikja og staðan í riðlunum.

Vertu í sterkara sambandi með Símanum



RÝMINGAR

SAIJA

Á SUMARVÖRUM

Allt að
50%
afsláttur

GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁL MAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

EINNIG ÚTSALA Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:

GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEÐJUSAGIR 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50%

OUTBACK

**GASGRILLIÐ
FYLGIR!**

Ef þú kaupir pallaefni
fyrir 100.000 kr. eða meira
færðu Outback gasgrill
í kaupbæti.



blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

MERKISATBURÐIR

1932 Á Skólavörðuholti í Reykjavík var afhjúpuð stytta af Leifi heppna Eiríksyni. Stytta var gjöf Bandaríkjamanna til Íslendinga í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis árið 1930.

1936 Spænska borgarastyrjöldin hófst.

1945 Potsdam-ráðstefnan hófst. Þar hittust Harry S. Truman Bandaríkjaforseti, Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, og Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands. Fundur þeirra stóð til 2. ágúst.

1946 Fyrsti landsleikur Íslands í knattspyrnu var leikinn í Reykjavík og voru Danir andstæðingarnir. Leiknum lauk með sigri Dana, 3:0.

1989 Langferðabíll með 27 farþega hrapaði niður í 40 metra djúpt gíl er hann fór út af veginum á Möðrudalsöræfum. Farþegarnir voru norrænir jarðfræðingar og sluppu flestir þeirra líft meiddir.

1991 Arnór Guðjohnsen jafnaði afrek Ríkharðs Jónssonar með því að skora fjögur mörk í landsleik í knattspyrnu gegn Tyrkjum.

HLJÓMSVEITIN HÚNARNIR

Ármann Einarsson, Eiríkur Stephensen, Snorri Guðvarðarson og Linda Jónsdóttir, bátasmiðirnir, Birkir Þór Guðmundsson og Guðmundur Birkisson.



OKKAR BÁTAR Vitafélagið sendir bátana Húna II og Ríkey á norrænu strandmenningarhátíðina í Ósló. Bátasmiðirnir Birkir Þór Guðmundsson og Guðmundur Birkisson gerðu upp Ríkey, en báturinn var upphaflega smíðaður árið 1920.

Norræn strandmenning haldin hátíðleg í Ósló

Norræna strandmenningarhátíðin er sú fjórða í röðinni en fyrsta hátíðin var haldin á Húsavík 2011, Íslenska vitafélagið er hugmyndasmiður og frumkvöðull hátíðanna.

„Það verður mjög margt um að vera, þarna verður kynnt hitt og þetta sem við kemur norrænni strandmenningu,“ segir Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Íslenska vitafélagsins og formaður Norrænu strandmenningarsamtakanna, sem standa fyrir hinni árlegu Norrænu strandmenningarhátíð sem fram fer í Ósló þessa dagana. Tónlist, bátar, handverk, fyrirlestur og fræðsla um íslenska strandmenningu er á meðal þess sem verður á dagskrá á hátíðinni. Hátíðin er nú haldin í fjórða sinn en fyrsta hátíðin var haldin á Húsavík árið 2011 og er Íslenska vitafélagið hugmyndasmiður og frumkvöðull hátíðanna.

„Þema hátíðarinnar að þessu sinni er báturinn og því sendir Vitafélagið tvo bát á hátíðina, Húna II og Ríkey,“ segir Sigurbjörg. Gert er ráð fyrir hundruðum bátum til Óslóar og er flotinn nú á siglingu inn Óslóarfjörð og kemur til hafnar í Ósló í dag, fimmtudag. Auk þessara tveggja bátar verður kynning á íslenskri tónlist sem fjallar um strönd og haf í umsjá hljómsveitarinnar Húnanna. Fleiri Íslendingar standa fyrir ýmsum kynningum og mun Arnís Jóhannsdóttir kynna nýtingu og verkun á roði

fyrir og nú og þá ætlar Þorvaldur Friðriksson, fréttamaður að halda fyrirlestur sem ber yfirskriftina Af hverju heitir norræni sjávargúðinn Ægir?

Samtímis og norrænu strandmenningarfélögin kynna sinn menningararf og nýjungar innan strandmenningar halda Norðmenn upp á 200 ára afmæli norsku stjórnarskrárinnar sem og 700 ára afmæli borgarinnar.

„Tilgangur með Norrænu strandmenningarhátíðinni er að vera vettvangur þar sem leikur og lærdur hittast, fræðast, miðla hver öðrum og mynda tengsl. Markmiðið er einnig að styrkja nýsköpun og menningu á strandsvæðum og koma henni á framfæri við almenning. Við viljum opna augu fólks fyrir mikilvægi þessa hluta vistkerfis jarðar og þeirri ógn sem að því stöðjar. Þannig verður stutt við áherslur í norrænum umhverfismálum og strandmenningu og hún kynnt fyrir umheiminum. Þetta eflir samstarf, samvinnu og nýsköpun í dreifðari byggðum landanna.

Við stöndum vörð um hreint haf og virðingu fyrir þeirri menningararfleifð sem tengist ströndum hvers lands,“ segir Sigurbjörg.

gunnarleo@frettabladid.is



FORMAÐURINN Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Íslenska vitafélagsins og formaður Norrænu strandmenningarsamtakanna, segir margt verða um að vera á hátíðinni.



HALLFRÍÐUR EIÐSDÓTTIR

frá Tröð

lést á Dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, mánudaginn 14. júlí. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju mánudaginn 21. júlí kl. 14.



Hrafnhildur Karlsdóttir
Hörður Karlsson

Sigurborg Leifsdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HAUKUR HANNESSON

andaðist á heimili sínu, Holtsbúð 33, aðfaranótt laugardagsins 12. júlí 2014. Útför fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 21. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á líknarstofnanir.



María Björnsdóttir
Sólveig Hauksdóttir
Helgi Hauksson
Gréta Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Alfreð F. Hjaltalín
Nanako Ikeda
Emeric Sarron



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

BJÖRN JÓNASSON

Suðurgötu 56, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 10. júlí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 19. júlí kl. 14.00.



Rakel Björnsdóttir
María Lísa Thomasdóttir
Björn Thomasson

Thomas Fleckenstein



Elskulegur eiginmaður minn,

SIGVALDI MAGNÚS RAGNARSSON

Strikinu 8, Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 30. júní sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Ég vil þakka læknum og hjúkrunarliði fyrir frábæra umönnun í veikindum hans undanfarin ár á Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi á deild 11G, 11B og 6A.



Fyrir mína hönd og annarra vandamanna,
Selma Gunnarsdóttir



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GYÐU ÁSKELSDÓTTUR

frá Hrísey,

Mánatúni 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahjúkrunar í Reykjavík, heimahlynningar Landspítalans og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.



Jón Þorbjörn Einarsson
Guðmundur Jónsson
Guðbjörg Jónsdóttir
Sigríður Kristín Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Lilja Guðrún Halldórsdóttir
Oddur Hallgrímsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HILMAR ARASON

til heimilis að Skógarbraut 1106,

Reykjanesbæ,

varð bráðkvaddur þann 13. júlí síðastliðinn. Jarðarför verður auglýst síðar.



Brynja Hilmarsdóttir
Karen Hilmarsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Anthony D'Onofrio
Einar H. Arnason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

ELÍSA MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

hjúkrunarheimilinu Skjólí,

Kleppsvegi 64,

áður Bólstaðarhlíð 40, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 14. júlí 2014.



Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Ásthildur Sigurjónsdóttir
barnabörn, langömmubörn og langlangömmubarn.

Guðmundur Sigurpálsson
Jón Stefánsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HEIMUR VALENTINO

Hönnuðurinn Valentino Garvani gefur síðar á þessu ári út bókina Valentino: At the Emperor's Table. Þar getur fólk skyggst inn í glæsileg híbýli Valentino og stjörnum prýdd kvöldverðarboð hans.



TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur - 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

ÓTRÚLEGT HVAÐ SPREYIÐ VIRKAR

GENGUR VEL KYNNIR Halldóra Matthíasdóttir þríbrautarkona er mjög ánægð með Magnesium Sport-spreyið frá Better You og notar það eftir allar æfingar. Hún finnur sérstaklega mikinn mun á uppbyggingu vöðva.

Halldóra Matthíasdóttir útibússtjóri breytti um lífsstíl árið 2008 með því að breyta mataræði sínu algerlega. Því næst tók hún á hreyfingunni og byrjaði að hlaupa. Hún fór sitt fyrsta maraþon 2011 og hljóp einnig Laugavegshlaupið og Jökulsárhlaupið sama ár. Það var svo í upphafi árs 2012 að hún skráði sig í Ironman-keppni í Cozumel í Mexíkó sem var haldin í lok nóvember. Ironman-keppnin gengur út á að synda 3,8 km, hjóla 180 km og hlaupa svo 42,2 km. Í kjölfarið fór hún því einnig að æfa sund og hjólreiðar og lauk svo annari Ironman-keppni í Frankfurt í fyrra og er skráð í þá þriðju í Kalmar í Svíþjóð í ágúst.

PREYTNAN HVARF EINS OG DÖGG FYRIR SÓLU!

Halldóra æfir að meðaltali níu sinnum í viku, þrisvar í hverri grein. „Eftir æfingar nota ég alltaf Magnesium Sport-spreyið því það hefur hjálpað mér verulega við endurheimt vöðva og minnkar líkurnar á krampa og harðsperrum. Ég hljóp um daginn með æfingafélögum mínum frekar langt hlaup eftir að hafa verið frá í nokkurn tíma vegna handleggsbrots. Eftir hlaupið fékk ég mikla þirringis- og þreytuverki í sköflung og læri. Ég nuddaði vöðvana með Magnesium Sport-spreyinu og fann strax þreytuna og þirringinn líða hjá. Það var eiginlega alveg ótrúlegt hvað það virkaði hratt!

Ég notaði líka Magnesium Original-spreyið á úlnliðinn þar sem ég handleggsbrotnaði um daginn og mér finnst það hafa hjálpað mér verulega í batanum.“



SÖLUSTAÐIR

Lyfja, Lyf og heilsa, Lyfjaver/Heilsuver, flest apótek, Fjarðarkaup, Heilsuhúsið, Blómaval, Garðheimar, valdar Hagkaupsverslanir og Krónubúðir, Systrasamlagið, Þín verslun Seljabraut, Tri og Krossfít Reykjavík.



MÆLIR MEÐ

„Ég mæli eindregið með Magnesium Sport-spreyinu því það hefur hjálpað mér við að byggja upp vöðva, gegn þreytuverkjum og til að koma í veg fyrir krampa og harðsperrum.“

Útsala

40% afsláttur

Lagersala í kjallara

-70%

hjá **Hjafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinnur okkar á Facebook



SAFT


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbacksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð	Verð
153x203	144.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	169.900 kr.
180x210	179.900 kr.

*3.5% lantökugjald



GRAM Heimilistæki

FÖNIX

fonix.is • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • S. 552 4420



FORDKEPPNIN Á ÍSLANDI Fordkeppnin árið 1991 þegar Eileen og eiginmaður hennar, Jerry Ford, komu til Íslands. Hér með Birnu Bragadóttur sem bar sigur úr þýtum í keppninni. LIÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/365

FYRIRSÆTUMÓÐIR ER FALLIN FRÁ

SVÍDSLJÓSID Fyrirsætumóðirin fræga, Eileen Ford, lést á sjúkrahúsi í New Jersey 9. júlí en hún varð 92 ára. Eileen hefur rekið eina frægustu módelsskrifstofu í heimi frá árinu 1946 og gert margar stúlkur að stórstjörnum.

Fyrir utan að halda úti umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur setti hún á fót keppnina Supermodel of the World árið 1980 sem var meðal annars haldin hér á landi um nokkurra ára skeið. Eileen Ford kom tvisvar hingað til lands. Í fyrra skiptið á sjöunda áratug síðustu aldar en þá starfaði María Guðmundsdóttir, fyrirsæta og síðar ljósmyndari, hjá henni í New York. Í seinna skiptið árið 1991 í tengslum við fyrirsætukeppnina. Þá kom hún ásamt eiginmanni sínum, Jerry Ford, en þau ráku fyrirtækið saman alla tíð.

Ford-keppnin var afar vinsæl hér á landi og nálægt hundrað ungar stúlkur sóttu um þátttöku á hverju ári. Margar íslenskar stúlkur hafa fengið tækifæri til að starfa hjá Ford Models og kynntust Eileen Ford mjög vel.

ÚR MÓDELSTÖRFUM Í BISNESS

Eileen starfaði sjálf sem fyrirsæta áður en hún setti upp eigin umboðsskrifstofu. Eftir að hún eignaðist sitt fyrsta barn gaf hún fyrirsætustarfið á bátinn og fór að leita að heppilegum stúlkum til fyrirsætustarfa. Margar þeirra hafa öðlast heimsfrægð og má þar nefna Christie Brinkley, Cherul Ties, Veruschka, Jerry Hall, Grace Jones, Naomi Campbell, Christy Turlington og Elle Macpherson. Sumar af fyrirsætum hennar urðu frægar Hollywood-leikkonur en þar má nefna Suzy Parker, Jane Fonda, Ali MacGraw, Brooke Shields, Candice Bergen, Rene Russo, Kim Basinger, Lauren Hutton og Jean Shrimpton. Þá má nefna að Martha Stewart starfaði sem fyrirsæta hjá Ford Models áður en hún varð sjálf risastórt fyrirtækanafn.

SÉRSTAKIR HÆFILEIKAR

Eileen Ford þótti hafa einstaka hæfileika til að breyta „venjulegum“ stúlkum í stjörnur og tískudrottningar. Það er ekki að ástæðulausu að hún hefur verið kölluð móðir fyrirsætuheimsins í New York. Umboðsskrifstofan hefur



gott orð á sér og það þykir eftirsóknarvert að fá að starfa þar. Þá lét Eileen sig miklu skipta velferð þeirra ungu stúlkna sem störfuðu hjá henni og lét þær yngstu borða heima hjá sér á kvöldin. Hún þótti jafnframt harður húsbóndi sem gerði miklar kröfur. Eiginmaður Eileen, Jerry, lést árið 2008.

ÍSLENSKAR STÚLKUR FALLEGAR

Eileen átti það til að elta stúlkur úti á götu víða um heim sem henni þótti eiga erindi í fyrirsætuheiminn. Sjálf sagði hún að þær stúlkur sem vildu verða fyrirsætur þyrftu að vera sterkir persónuleikar því starfið byði upp á margar freistingar. Eileen sagði frá því í viðtali þegar hún kom hingað til lands að íslenskar stúlkur væru einstaklega glæsilegar.

Í keppninni árið 1991 þegar Eileen Ford kom hingað til lands kepptu sextán glæsilegar stúlkur til úrslita. Sigurvegari var Birna Bragadóttir en meðal annarra þátttakanda sem síðar hafa skapað sér nafn í þjóðfélaginu eru Þórunn Lárusdóttir leikkona og Brynja Þorgeirsdóttir sjónvarpskona.

elin@365.is

Í TEXAS

Þessi mynd af Eileen Ford og fyrrverandi fyrirsætunni Joan Severance var tekin á tískusýningu í Houston í Texas árið 2010.

NORDICPHOTOS/GETTY

B Bætiefni

B Bvitamin Extra sterkar

B vitamín styrkir taugarnar, eykur orku og eflir ónæmiskerfið. Nutra eru gæða vitamín á betra verði.

nutra **BONUS** HAGKAUP

Vissir þú að... barnaheill

Save the Children á Íslandi

bannafer at mismuna börnum eftir því hvað foreldrar þeirra gera.

Jaxon vöðlur

Líklega bestu vöðlurnar fyrir peninginn. 4 og 5 laga vöðlur, engir saumar á innannverðum skálmum vasi, belti og poki fylgja.



30% afsláttur af vöðluskóm ef keyptar eru jaxon öndunarvöðlur

Fullt verð 34.900 kr
Tilboð 24.900 kr

Snowbee U bátur

Snowbee U bátur, þriggja hólfar

Fullt verð 27.900 kr

Tilboð 19.900 kr.



Barnavöðlur

Frábært á smáfólkið.

Allir út að busla, veiða eða bara vera út í rigningunni með þurrar fætur.

Vandaðar og niðsterkar vöðlur Fást í bleiku, grænu, bláu og mosagrænu.

St. 21 - 41

Verð 9.900 kr



Flugustangarsett - Diskabremsuhjól - Línur

Flugustangarsett frá Jaxon.

Monolith er nýjasta stöngin frá Jaxon. Lína 4-5-6-7- eða 8.



Gott diskabremsuhjól, lína að eigin vali og góður hólkur.

Fullt verð 38.900 kr
Tilboð 29.900 kr.

Tvíhendu tilboð

14 Feta

Jaxon tvíhenda, large arbour hjól, shimano skotlína og hólkur



Fullt verð 54.900 kr

Tilboð 39.900 kr.

Flökunarhnífar

Gott úrval af flottum flökunarhnífum frá **1.990 kr.**

Komdu með gamla hnífinn og við brýnum hann fyrir þig og hann verður sem nýr fyrir **750 kr.**



Stangarhaldarar

Þessir hafa sannað sig í gegnum árin



Fullt verð 9.900 kr
Tilboð 7.900 kr

Strandveiðiset

Jaxon 15 feta stöng, 6 legu stórt hjól, 250m af 100 punda ofurlínu, taumar, sökkur, beituteygja, beita og nælur fylgja. Fullt verð 43.390 kr .

Tilboð 34.900 kr.

Okkar lang besta strandveiðiset !



Ódýrt byrjenda strandveiðiset Jaxon 15 feta stöng, 6 legu hjól, 250 metrar af 35 punda línu, taumar, sökkur og nælur . Fullt verð 23.800 kr

Tilboð 19.900 kr.



Jaxon byrjenda flugustangarpakki

Stöng, lína, hjól, 10 flugur, taumur, derhúfa og polaroid veiðigleraugu.

Frábært verð **19.900 kr**



Snowbee öndunarvöðlur

Snowbee öndunarvöðlur með áföstu stígvéli.

Fullt verð 34.900 kr.

Tilboð 29.900 kr

Einnig til í mittis verð 26.900 kr.





Makríslóðar

Mikið úrval af makríslóðum

Verð frá 495 kr.



Veiðihjól



Jaxon Dolphin Strandveiðihjól ódýrasta stóra strandveiðihjól okkar. 3 Legur auka spóla. Tekur 250 metra af 0,40mm línu. **Verð 5.990 kr**

Stórt og öflugt strandveiðihjól með 6 legum og auka spólu. Fæst í tveimur stærðum 650 og 750 sem tekur um 300 metra af 0.40 línu. **Verð 8.950 kr**

Nýtt strandveiðihjól frá Jaxon. 6 legur, 2 spólu sem taka mis mikið magn af línu og eru sér hannaðar til að kosta verði sem lengst, rústfríar legur. Tekur um 300 metra af 0.40mm línu **Verð 15.900 kr**

Jaxon Marion er ódýrt en gott 3 legu hjól frá Jaxon fæst í tveimur stærðum **Verð 3.590 kr**

Polaroid Veiðigleraugu

Polaroid gleraugu í miklu úrvali verð frá **2.990 kr.**





**ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI**
30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum

Verslunin Belladonna 

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



**Útsalan
í fullum gangi**
30-50% afsláttur
af öllum útsöluvörum

My Style  

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

tiskuhús

Útsalan er hafin

30%
afsláttur af öllum útsöluafatnaði

**Gerið góð kaup á góðri vöru,
á mjög góðu verði.**

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 10-15.

**NÝTT
KORTATÍMABIL**

„Kryddaðu“ fataskápinn
með fatnaði frá

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 (Bolhólmstugin) | Sími 555 1516

© Klípa á myndir og verð á Facebook



KitchenAid
THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

50
1964-2014
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



METUR GÆÐI Guðbjörg Pálmadóttir fer yfir fatnaðinn og athugar hvort nokkuð leynist saumsprettur eða blettir í honum. MYND/PIETUR

FLOKKA ÚR 20 FETA GÁMI DAGLEGA

ENDURNÝTING Hver vinnudagur í fataflokkun Rauða krossins hefst á því starfsmenn og sjálfboðaliðar tæma þrjú tonn af fötum úr tuttugu feta gámi.

Heilu fjöllin af fötum, skóm og kössum taka á móti blaðamanni þegar hann mætir í fataflokkun Rauða krossins í Skútuvogi. Það gerir líka hinn skælbrosandi Örn Ragnarsson verkefnisstjóri sem hefur lofað að leiða okkur í allan sannleikann um þá starfsemi sem fram fer í þessu stóra vöruhúsi. „Vinnan hjá okkur byrjar á hverjum morgni með því að það kemur tuttugu feta gámur frá Sorpu sem venjulega er fullur af fötum eða um þrjú tonn. Þá hefjumst við handa við að losa hann og vinsum úr bestu flíkurnar fyrir búðirnar og í það sem við notum í hjálparstarf,“ lýsir Örn og bendir á að gríðarleg aukning hafi orðið síðustu tvö ár á þeim fötum sem berast Rauða krossinum. „Í fyrra jókst magnið um 270 tonn, og það sem af er þessu ári hef ég flutt út 120 tonnum meira en á sama tíma í fyrra.“

HEIMSMARKAÐUR FYRIR NOTUÐ FÖT Það sem Rauði krossinn getur ekki nýtt sér er flutt út og selt. „Á síðasta ári fóru yfir 1.600 tonn þá leiðina sem gaf 87 milljónir í tekjur,“ segir Örn og tekur fram að mikill markaður sé fyrir notuð föt í heiminum. „Við skiptum við tvö fyrirtæki í Evrópu sem flokka fötin í 250 til 300 flokka eftir efni, stærð og markaði og svo selja þeir þetta áfram. Mikið af því sem hér fer í gegn endar í Afríku, Austur-Evrópu eða Miðausturlöndum og austur í Kasakstan,“ segir Örn en innan við tíu prósent af öllum fötum fer í endurvinnslu.

VELJA ÞAÐ BESTA Fimmtíu tonn af fötum fara í Rauða-krossbúðirnar og fataúthlutanir og um 20 tonn í hjálparstarf til Hvíta-Rússlands. „Við stillum yfirleitt upp færbandi við gáminn og losum úr hverjum poka, skoðum og vinsum úr það besta. Þær Sigrún Jóhannsdóttir og Guðbjörg Pálmadóttir þekkja þetta allt saman og ráða því hvað verður eftir,“ segir Örn og bendir á að önnur þeirra sé fyrrverandi handavinnukennari og hin þrjónahönnuður. Örn gengur nú yfir í næsta sal þar sem gæðafötin eru geymd. „Hér fer hin eiginlega úrvinnsla fram. Stelpurnar taka hverja flík og athuga hvort hún stenst gæði, hvort það séu saumsprettur, rifnir vasar eða blettir. Við viljum ekki setja slíkt í búðirnar.“ Örn gengur lengra og bak við fataslá sem hlaðin er dýrindis pelsum er að finna heilt borð fullt af skartgripum. „Við fáum mikið af skartgripum sem margir eru ekki í lagi. Öðru hverju myndum við starfshópa og lögum þá eða búum til nýja skartgripi úr gömlum.“



LOPAPEYSUR Í VIÐGERÐ Örn röltir fram hjá stöflum af pokum sem greinilega eru fullir af lopapeysum. Innur eftir innihaldinu segir hann; „Þetta eru peysur sem eru á leið í viðgerð. Deildirnar á Egilsstöðum og Kópavogsdeildin fá senda flesta pokana því þar eru svo góðar þrjónakonur,“ segir hann en lopapeysur seljast eins og heitar lummur í Rauðakrossbúðinni á Laugavegi.

BRÚÐARKJÓLAR OG BÚNINGAR En hvað er nú það skrítnasta sem hefur borist í gámunum? „Ja, það er nú ýmislegt. Stundum berast hjálpartæki ástarlífsins,“ segir Örn kíminn og spyr svo Guðbjörgu hvort hún muni eftir einhverju. „Um daginn kom legsteinn í gámunum, en það voru held ég mistök,“ svarar hún hlæjandi. Guðbjörg segist annars safna þeim brúðarkjólum sem berast. „Síðan lána ég þá stundum í tókur,“ segir hún en Örn bendir á að búningahönnuðir hafi stundum samband og leggi fram beiðnir um sérstakan fatnað.

NÝ FÖT ÚR VERSLUNUM Við endum yfirferð okkar á svæði þar sem pakkad er fötum sem ætluð eru í hjálparstarf í Hvíta-Rússlandi. „Konur úti um land búa til staðlaða fatapakka fyrir smábörn og eldri krakka en því til viðbótar eru send sérválin föt,“ segir Örn og bendir á tvo risakassa með nýjum barnastígvélum og öðrum ónotuðum fötum. „Við fáum töluvert af nýjum fötum frá verslunum sem ekki má selja innanlands,“ útskýrir Örn og segir að fleiri fyrirtæki mættu hafa hugsun á því að koma fötum til hans. „Ég veit að enn er verið að urða nýjan fatnað uppi í Álfsnesi. Mig langar til að benda þessum fyrirtækjum á að við getum ábyrgst að fötin fari úr landi,“ segir Örn sem finnst alltaf gaman í vinnunni.

FLOKKA Þau Helga Thomsen og Einar Sch. Thorsteinnsson vinna hörðum höndum við að flokka og para skó.



VERKEFNISSTJÓRI Örn Ragnarsson ræður lögum og lufum í fataflokkun Rauða krossins.

ENDURNÝTA SKARTGRIPI

„Við fáum mikið af skartgripum sem margir eru ekki í lagi. Öðru hverju myndum við starfshópa þar sem búnir eru til nýir skartgripir úr gömlum, eða lagaðir þeir sem eru bilaðir.“

ÞJÓÐHÁTÍÐ

FIMMTUDAGUR 17. JÚLÍ 2014

140 ára



Quarashi mætir í Herjólfssdalinn

Hljómsveitin Quarashi verður aðalnúmerið á Þjóðhátíð í ár en þetta verða einu tónleikar sveitarinnar á þessu ári. Nýtt lag frá sveitinni kom út í vor og annað er væntanlegt í lok sumars. Hljómsveitin starfaði á árunum 1996–2005 og naut mikilla vinsælda.

Hljómsveitin goðsagna-kennda Quarashi spilar á Þjóðhátíð í ár en sveitin hefur aldrei áður haldið tónleika í Vestmannaeyjum. Quarashi verður aðalatriðið á laugardagskvöldinu þar sem hún mun spila öll sín þekktustu lög á stóra sviðinu í Herjólfssdal. Sveitin starfaði á tímabilinu 1996-2005 og náði miklum vinsældum hérlendis auk þess sem hún vakti nokkra athygli erlendis, þá helst í Japan og Bandaríkjunum. Sölvi Blöndal, forsprakki hljómsveitarinnar, lofar frábærum tónleikum og mikilli upplifun fyrir þjóðhátíðargesti enda sé tónlist Quarashi stór og mikil og þurfi marga áhorfendur til að njóta sín. „Þetta verða einu tónleikar okkar í sumar og kannski þeir síðustu á ferlinum, hver veit. Ég hef aldrei komið til Vestmannaeyja og hlakka mikið til að spila í dalnum. Í sjálfu sér veit ég ekkert hvað ég er að fara út í en hef bara heyrt góða hluti um Þjóðhátíð og heimamenn.“ Allir fyrrverandi meginliðsmenn sveitarinnar verða með í Eyjum en auk Sölva eru það Höskuldur Ólafsson, Steinar Fjeldsted, Ómar „Swarez“ Hauksson og Egill „Tiny“ Thorarensen.

Flestir þjóðhátíðargestir eru ungt fólk sem var á leikskólaaldri þegar fyrsta plata sveitarinnar kom út. Sölvi segir það vera

skemmtilega upplifun að spila fyrir nýja aldurshópa sem þó þekki tónlist þeirra vel. „Ég uppgötvaði það fyrst fyrir alvöru á Bestu hátíðinni árið 2011 hvað við vorum að spila fyrir ungt fólk. Ég labbaði aðeins út fyrir og leit yfir áhorfendurna. Þetta voru allt um 16-20 ára krakkar sem voru varla fædd þegar fyrsta plata okkar kom út. Það var alveg frábær sjón.“

NÝTT LAG Í HAUST

Quarashi gaf út nýtt lag í vor, Rock On, sem hefur fengið mikla spilun en tíu ár eru síðan sveitin sendi síðast frá sér nýtt lag. Sölvi segir hljómsveitina stefna á að senda annað lag frá sér í lok ágúst eða snemma í september. „Þótt Quarashi muni kannski aldrei spila framfar er þessi frumbörf alltaf til staðar, að semja tónlist. Hún er jú rótin að þessu öllu saman. Quarashi hefur alla tíð verið mér hugstæð. Ef ég er í stuði til að búa til tónlist geri ég það. Það þýðir þó ekki að ég geri það alla tíð. Ég er í miklu stuði þessa dagana en við verðum bara að sjá til hvernig málin þróast næstu árin.“

Ferill sveitarinnar var viðburðaríkur og margt stendur upp úr í minningunni að sögn Sölva. „Við fórum á einu ári úr því að spila fyrir tvo unglinga í félagsmiðstöð hér heima í að hita upp



Þrjú félagar Quarashi sem spila á Þjóðhátíð: Steinar Fjeldsted, Sölvi Blöndal og Egill „Tiny“ Thorarensen.

MYND/DANIEL

fyrir Eminem í Bandaríkjunum. Það sem stendur upp úr er að hafa fengið tækifæri til að taka þetta nánast alla leið. Við trúðum á okkur allan tíman og það er ótrú-

lega gaman að horfa til baka og rifja upp þetta tímabil. Við vorum til dæmis fyrsta íslenska hljómsveitin sem fyllti Laugardalshöll og einnig sú fyrsta sem gaf út lag á

MP3-formi sem var mikil nýjung á þeim tíma. Auk þess hituðum við upp fyrir Prodigy hér heima þannig að þetta var ferðalag sem ég get hiklaust mælt með.“



John Grant tók ástfóstri við Ísland árið 2011 en hefur aldrei komið til Eyja.

MYND/ARNÞÓR

John Grant kemur til Eyja í fyrsta skipti

John Grant tók tilboði um að spila á Þjóðhátíð fagnandi, enda lítur hann á það sem kærkomið tækifæri til að heimsækja Vestmannaeyjar.

John Grant kemur fram á Þjóðhátíð í fyrsta skipti í ár. Grant stígur á svið klukkan 23.15 laugardaginn 2. ágúst en í kjölfarið hefst hin margrómaða flugeldasýning. Quarashi er svo á dagskrá 00.15

Grant hreifst sem kunnugt er af landi og þjóð við fyrstu komu til landsins á Iceland Airwaves árið 2011. Hann sneri aftur til að taka upp síðari sólóplötu sína, Pale Green Ghost, nokkrum mánuðum síðar og ákvað í kjölfarið að setjast hér að. Hann hefur hins vegar aldrei komið til Vestmannaeyja. Þegar ljóst var að hann myndi spila á Þjóðhátíð sagðist hann líta á það sem frábært tækifæri til að sækja eyjarnar heim.

Grant hefur gaman af ljósmyndun og hefur tekið margar fallegar myndir af því sem fyrir augu hans ber hér á landi. Mörg-

um þeirra deilir hann með aðdáendum sínum á Facebook. Hann hlakkar mikið til að koma til Eyja og ljóst að þar er margt fyrir augað.

Grant upplýsti í viðtali við Fréttablaðið í byrjun júní að hann komi mestmegnis til með að taka lög af Pale Green Ghosts, sem kom út í fyrra, en líka nokkur af fyrstu sólóplötunni Queen of Denmark sem kom út 2010.

Grant var tilnefndur til Britverðlaunanna fyrr á þessu ári sem besti alþjóðlegi tónlistarmaðurinn og skipaði sér þar í flokk með ekki ómerkari mönnum en Justin Timberlake, Eminem, Drake og Bruno Mars, en hinn síðastnefndi hreppti hnossið. Hann var svo valinn söngvari og lagahöfundur ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í mars.

Nennum ekki að vera einhæfir

Kaleo spilar í fyrsta sinn á Þjóðhátíð í ár. Sveitin skaust upp á stjörnuhimininn fyrir rétt rúmu ári. Hún hefur fangað hug og hjörtu Íslendinga og stefnir nú út fyrir landsteinana. En fyrst er það Þjóðhátíð, og strákarnir hlakka til.

Við sögðum að sjálfsögðu já þegar við vorum spurðir í vetur hvort við vildum spila á Þjóðhátíð. Þetta er algert óskagigg enda mörg þúsund manns á svæðinu," segir Jökull Júlíusson, söngvari Kaleo en sveitin spilar á Þjóðhátíð í fyrsta sinn í ár. Sjálfur hefur Jökull aldrei farið á Þjóðhátíð en hefur góða reynslu af Eyjamönnum. „Við höfum verið að spila dálítið í Eyjum að undanförunu og það er mikil stemning í Eyjamönnum sjálfum.“

Jökull hlakkar til að upplifa Þjóðhátíð. „Ég er að fá féлага minn frá Danmörku í heimsókn og hann ætlar með, enda er ég búinn að lofa honum miklu fjöri," segir Jökull sem gefst þó ekki mikill tími til að anda að sér stemningunni. „Við verðum í Eyjum á föstudagskvöldinu, á Siglufirði á laugardag og á Akureyri á sunnudag.“

Heimsfrægir í Mosfellsbæ

Frægðarsól Kaleo hefur risið hratt á rúmu ári. „Þetta fór hratt af stað þá og hefur undið upp á sig síðan. Í kjölfarið á Vor í Vaglakógi fór fólk að hlusta á önnur lög eftir okkur, við fengum plötusamning, platan kom út í nóvember og í síðustu viku fengum við afhenta gullplötu," segir Jökull og finnur ekkert neikvætt við frægðina. „Enda held ég að við séum nú bara heimsfrægir í Mosfellsbæ og þar þekktum við alla fyrir hvort eð er," segir Jökull glaðlega. Hann segir lítið um að hann sé beðinn um einhandararitun á förnunum vegi.

Hugur Kaleo-strákanna stefnir þó hátt. Í það minnsta út fyrir landsteinana. „Við förum í lítinn Evróputúr í maí. Þá förum við til Danmerkur, Eistlands og Lettlands. Svo erum við á leiðinni á G! Festival í Færeyjum 19. júlí og líklega förum við til London í haust," segir Jökull en sveitinni var einnig boðið að spila í Kanada



Kaleo hlaut gullplötu á dögnum þegar 5.000 eintök höfðu selst af fyrstu plötu hljómsveitarinnar.

um verslunarmannahelgina. „En við vorum spenntari fyrir að spila á Þjóðhátíð.“

Rokk og ról og ballöður

En hver er draumurinn? „Bara að geta haldið áfram að gefa út tónlist og að næsta plata verði betri en sú síðasta," svarar Jökull af sinni alkunnu hógværd.

Kaleo leggur nú grunn að næsta hljómdiski en nýtt lag verð-

ur líklega gefið út í lok júlí. „Platan verður fjölbreytt eins og síðasta plata. Við segjum stundum að við nennum ekki að vera einhæfir enda engin ástæða til, sama hvað tónlistargagnrýndum og fleirum finnst um það.“

En hvað fá gestir Þjóðhátíðar að heyra? „Við ætlum að spila okkar þekktustu lög, kannski í bland við eitthvað nýtt. Við vonum að fólk syngi með og njóti.“


Skipulag í föstum skorðum

Þrátt fyrir mörg þúsund gesti á hverju ári er skipulag Þjóðhátíðar í nokkuð föstum skorðum þar sem Þjóðhátíðarnefnd og mörg hundruð sjálfbóðaliðar vinna saman að uppsetningu þessarar elstu útihátíðar landsins. Hörður Orri Grettisson, einn nefndarmanna Þjóðhátíðarnefndar, segir undirbúning Þjóðhátíðar hefjast strax eftir verslunarmannahelgi þótt eðlilega gangi mest á síðustu vikurnar fyrir Þjóðhátíð. „Nefndin hittist í byrjun október þar sem línurnar eru lagðar fyrir árið. Á lokametrunum fer allt í gang inni í dal þar sem nokkur hundruð sjálfbóðaliðar hjálpa til við að setja upp svæðið. Þeir hafa allir vel skilgreint hlutverk og því gengur allt eins og vel smurð vél.“

Tugir sjálfbóðaliða frá ÍBV sjá um gæslu en um 100 manns starfa við hana milli kl. 21 til 5 um morguninn. „Á okkar vegum verða við gæslustörf í Herjólfssdal þrír brádataeknar, þrír neyðarflutningamenn

sem hafa til umráða tvo fullbúna sjúkrabíla, fjöldi lögreglumanna, hjúkrunarfræðingar, lækni er á sólahringsvakt í dalnum auk þess sem yfirmaður sálgeslunnar er doktor í sálfræði. Einnig er mjög gott myndavélakerfi með nýju eftirlitsmyndavélum í dalnum til að tryggja sem mest öryggi þjóðhátíðargesta. Auk þess er sjúkrahúsið hér fullmannað þannig að allt í allt er þetta gríðarstór hópur fólks sem kemur að hátíðinni með einum eða öðrum hætti.“

Þótt skipulag hátíðarinnar sé í föstum skorðum tekur hún þó breytingum milli ára að sögn Harðar. „Eyjamönnum þykir auðvitað vænt um Þjóðhátíð og hafa margir sterkar skoðanir á henni. Við í Þjóðhátíðarnefnd þurfum alltaf að takast á við þá áskorun að hlusta á bæjarbúa og halda í gamlar hefðir en um leið að þróa hátíðina til nútímans, eins og við höfum reyndar gert með góðum árangri undanfarin ár að mínu mati.“



„Gríðarstór hópur fólks kemur að hátíðinni með einum eða öðrum hætti," segir Hörður Orri Grettisson, einn nefndarmanna í Þjóðhátíðarnefnd.

MYND/ÖR. BINKASAFN



SLÁÐU Á ÞORSTANN

TAKTU ÞÁTT Í FRÁBÆRUM LEIK
YFIR 1000 GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BOÐI

Nánari upplýsingar á facebook.com/pepsimax.is

LIVE FOR NOW™



Vil halda í gömlu hefðirnar

Elínborg Jónsdóttir er alin upp í Vestmannaeyjum og hefur sótt Þjóðhátíð frá unga aldri. Hún segist alltaf hlakka til þegar hátíðin nálgast. Margt hefur þó breyst í árunna rás, til dæmis sáu heimamenn sjálfir um öll skemmtiatriðin hér áður fyrr.

Ég er þegar búin að smyrja 50 flatkökur með hangikjöti en þær eru ómissandi á hátíðinni," segir Elínborg Jónsdóttir, húsmóðir í Eyjum. „Ég er að verða 73 ára og hef farið á allar Þjóðhátíðir nema fjórar síðan ég fæddist. Þjóðhátíð hefur verið ríkur þáttur í lífi fjölskyldu minnar. Við erum alltaf með tjald á svæðinu, búið húsgögnum; sófa, borði og stólum. Ég á ekkert nema góðar minningar um Þjóðhátíð," segir Elínborg.

Stórfjölskylda Elínborgar kemur saman í tjaldinu sem heitir Laufás eftir bæ ömmu hennar og afa. „Við flytjum ekki í Dalinn en erum þar alla daga. Á fimmtudeginum er tjaldað, á föstudagsmorgni er síðan farið með allt hafurtaskið, nesti og nýja skó, eins og það er kallað," segir hún. „Setning hátíðarinnar er hálf þrjú og þá mætir maður á svæðið, klæddur eftir veðri en þó alltaf í betri fötum. Mér finnst alltaf mikil stemning á Þjóðhátíð og þetta er stór hluti af menningu okkar Eyjafólks," segir Elínborg ennfremur.

Margt hefur breyst

Hún segir að hátíðin hafi breyst mikið í árunna rás. „Sumt er betra en annað verra, eins og gengur. Mér finnst vera of mikil drykkja á nóttunni. Ég hef alltaf átt auðvelt með að skemmta mér vel án áfengis. Fólk hefur auðvitað alltaf haft vín um hönd en meira síðustu árin. Á árum áður var umgjörðin meira heimagerð. Núna er meira lagt

í allan undirbúning og frægir listamenn koma fram. Þegar ég var að alast upp var skemmtunin nær eingöngu í höndum heimamanna, til dæmis mikið um einsöng. Það væri varla boðlegt í dag. Þá var einnig meira lagt upp úr íþróttum að deginum. Ég hef engu að síður gaman af að fylgjast með þeim frægu listamönnum sem koma fram.“

Mikil stemning

Elínborg segir ævinlega hafa verið mikla hátíðarstemningu á Þjóðhátíð. „Mér hefur alltaf þótt langskemmtilegast að deginum þegar húsmæður í tjöldunum bjóða upp á kaffi og fínt meðlæti. Það er stór partur af upprunalegu Þjóðhátíðinni okkar. Mikil gestrisni alls staðar og nægar veitingar. Áður fyrr var boðið upp á reyktan lunda en hann fæst ekki lengur. Það hefur alltaf verið gestkvæmt í tjaldinu okkar, sungið og spilað. Mér líst reyndar vel á Eyjalagið í ár, það er grípandi. Maðurinn minn, sem nú er látinn, Guðjón Pálsson skipstjóri, spilaði alltaf á harmóníku og það bjó til stemningu á svæðinu. Bróðir minn spilaði á gítar og svo sungu allir viðstaddir háum rómi. Það var alltaf mikil tónlist í kringum okkur. Ég er af stórri Vestmannaeyjaætt og það kemur alltaf stór hópur af ættingjum af landi sem leitast uppi Laufástjaldið. Mér finnst svo mikið atriði að halda í gamlar hefðir og fjölskyldustemninguna.“



Í tjaldinu Laufási kemur stórfjölskyldan saman yfir kræsingum.



Þjóðhátíð 1965.



Elínborg Jónsdóttir (til hægri) ásamt Bergljótu Björnsdóttur.

Gefðu tönnum aukakraft



Nýtt
tyggigúmmi
fyrir tennurnar
- gott að tyggja!

Góð viðbót við
tannburstun

✓ **Kalk**
Kalk er nauðsynlegt
fyrir viðhald tanna

✓ **Flúor**
Flúor verndar tennur
fyrir skemmdum

✓ **Xylitol**
Sykurlaust tyggigúmmi flýttir
fyrir jafnvægi í gerlaflóru
munnsins

mentos
PROTEX

EINFÖLD GÆÐI



NESCAFÉ[®]

Gæsa húð á sviðinu með Sálinni

Strákarnir í Skítamóral voru ekki nema 15 ára þegar þeir spiluðu fyrst á Þjóðhátíð 1991. Þeir hafa verið fastagestir í Eyjum en um næstu verslunarmannahelgi spila þeir á Þjóðhátíð í sjöunda sinn. Gestir í Eyjum fá gömlu slagarana í æð auk nýs efnis frá sveitinni.

Foreldrum okkar leist ekkert á þetta og héldu fund. Þar varð niðurstaðan sú að við fengjum að fara ef við yrðum hjá frænku hans Adda í Eyjum,” segir Jóhann Bachmann, trommari Skítamóral, þegar hann rifjar upp hvernig ung og efnileg sveit fjögurra fimmtán ára stráka frá Selfossi fékk boð um að spila á Þjóðhátíð í fyrsta sinn.

Ólýsanleg tilfinning

Þótt upplifunin hafi verið einstök fyrir unglingana árið 1991 er það Þjóðhátíðin sex árum síðar sem er Hanna einna minnisstæðust. „Þá vorum við aðalbandið í fyrsta sinn, ásamt Sálinni. Það var hreint ótrúleg upplifun. Þessar hljómsveitir skiptu öllum kvöldunum á milli sín en síðasta kvöldið vorum við saman uppi á sviði með Sálinni og það var ólýsanleg tilfinning,” lýsir hann „Maður var með gæsa húð allan tímann.“

Allir glaðir í dalnum

EKKI gafst mikill tími til skemmtanahalds fyrir sveitina það árið enda taka tónleikar hvert kvöld mikla orku.

„Í ár spilum við bara á laugardagskvöldið, fyrst á kvöldvökunni og svo á ballinu. Þeir sem það vilja ættu því að geta skemmt sér eftir

það,” segir Hanni sem sjálfur er fæddur í Vestmannaeyjum og hefur því sótt ófáar Þjóðhátíðir frá barnsaldri.

Inntur eftir því hvað það sé við Þjóðhátíð sem dragi allt þetta fólk að segist Hanni halda að það sé gleðin, kætin og hamingjan. „Það er eitthvað sem gerist í dalnum sem gerir alla glaða.“

Gamlir slagarar og nýir

Hanni segir gesti Þjóðhátíðar mega búast við að heyra gömul og góð Skítamóralslög á borð við Farinn og Ennþá. „Svo spilum við líka nýja lagið okkar, Þú (ert ein af þeim). Við höfum í gegnum tíðina reynt að taka coverlög á böllum en fólk vill það ekkert. Það vill bara heyra okkar lög. Þess vegna höldum við okkur við það,” segir Hanni en honum finnst sjálfum mesta fjörið að spila Ennþá og Æði á böllum. „Þá verður allt vitlaust.“

Auk þessa verða eyjalög Skítamóral örugglega á dagskrá en það eru Þú veist hvað ég meina mær frá 1997 og Draumur um Þjóðhátíð frá 2003.

Nýtt lag og mikið um að vera

Skítamóral hefur annars margt á prjónunum. „Það kemur nýtt lag frá okkur í haust og svo



Það er alltaf mikið fjör þegar strákarnir í Skítamóral koma saman.

MYND/GASSI

erum við að spila á fullu og þegar búið að bóka verkefni í vetur.“

Félagarnir í Skítamóral eru sex. Það eru Hanni, Addi, Gunni Óla og Herbert sem skipuðu upphaflega bandið en auk þess eru með þeim þeir Einar Ágúst og Gunnar Þór. „Einar

tók sér frí í tíu ár en er nú kominn aftur. Það er mjög gaman að vera komnir saman að nýju. Það gerist eitthvað ákveðið þegar við erum komnir allir saman upp á svið. Við dettum í einhvern svakalegan gír og gleðin og stemningin á sviðinu verður mikil,” segir Hanni.



Meðal þeirra sem bjóða upp á bátsferðir frá Eyjum er ribsafari.is.

Afbreyting í Eyjum

Þótt flestir mæti á Þjóðhátíð til að taka þátt í hátíðahöldunum í Herjólfssdal er ýmislegt annað hægt að gera í eyjunum.

Golf

Eyjamenn eiga glæsilegan golfvöll sem er einn besti 18 holu völlum landsins og einn af 200 bestu völlum Evrópu.

Fuglalíf og klettafjör

Í Vestmannaeyjum er líf í björgunum en vel þekkt er sú iðja Eyjamanna að spranga í klettunum. Þetta finnst bæði börnum og fullorðnum skemmtilegt. Best er að fara varlega því slysin gera ekki boð á undan sér.

Ferðamenn geta einnig gengið á fjöll. Til dæmis má nefna tindana sjö sem umkringja byggðina. Þar er gengið um söguslóðir og misbrattar hlíðar. Klettarnir iða af fuglalífi og Vestmanneyjar eru sannkölluð paradís fuglaskoðarans.

Höfin blá

Ýmsir aðilar bjóða upp á bátsferðir af ýmsum toga frá Vestmannaeyjum. Til dæmis Viking tours sem sigla kringum eyjuna, fara í hvalaskoðunarferðir, sjóstangveiðiferðir og skoðunarferð til Surtseyjar.

Ribsafari býður einnig upp á spennandi afbreytingu. Siglingu í harðbotna slöngubátum, lundaskoðun, ýmsar sérferðir og annað skemmtilegt.

Söfn

Í Eyjum eru nokkur söfn, þar á meðal Náttúrugripasafnið, Bygðasafnið og Surtseyjarstofa.

Eldheimar er glænýtt og spennandi safn sem miðlar fróðleik um eldgosid í Eyjum 1973.

Tók þessari áskorun fagnandi

Jón Ragnar Jónsson er höfundur Þjóðhátíðarlagsins í ár. Lagið þykir einstaklega grípandi og Jón hefur fengið mjög góð viðbrögð við því.

Þegar Jón var beðinn um að semja Þjóðhátíðarlagið fyrir árið 2014 síðastliðið haust var það auðsótt af hans hálfu. „Ég þurfti ekki að hugsa mig tvisvar um. Þarna var gamall draumur að rætast. Ég hef oft farið á Þjóðhátíð og upplifað stemninguna. Ég tók þessari áskorun því fagnandi,” sagði Jón þegar blaðamaður náði tali af honum í Hvítarússlandi þar sem hann var á ferð með knattspyrnumönnum FH vegna Evrópuleiks.

Jón segist hafa farið fyrst á Þjóðhátíð árið 2003 og nokkrum sinnum síðan. Bæði 2011 og 2012 kom hann fram á hátíðinni. „Ég þekki algjörlega stemninguna og þegar kom að því að semja texta var ég ekkert að finna upp hjólið. Frekar að setja á blað hina týpisku stemningu sem allir þekkja sem hafa verið á Þjóðhátíð. Síðan þurfti ég að huga að því að lag og texti væru þannig að allir gætu sungið með,” segir Jón sem hefur fengið mjög góð viðbrögð við laginu, jafnt frá Eyjamönnum sem öðrum.

Á föstudagskvöldið á Þjóðhátíð kemur Jón fram og frumflytur lagið fyrir gesti ásamt hljómsveit sinni. „Hljómsveitin klæðir lagið í fullan skrud. Það væri ekkert varið í þetta ef ég væri einn með kassagítarinn. Ég er farinn að hlakka mikið til, enda veit ég að þetta verður sérstök stemning.“

Ljúft að vera til

Í Herjólfssdalnum, við lífsins njótum. Það er svo ljúft að vera til. Vináttuörvum allt í kring skjótum. Samveran veitir birtu og yl.

Hér er hamingja, ást og gleði. Stemmingin í dalnum er svo blíð. Forréttindi að vera með í, veisluhöldunum á Þjóðhátíð.

Eyja meyja og peyja, lof mér að segja, ó, hve ljúft það er að vera til. Eyja meyja og peyja, lof mér að segja, ó, hve ljúft það er að vera til.

Í bleikri brekkunni við syngjum saman. Svo ljúft að vera þér við hlið.

Í þínum örmum svo hlýtt, svo gaman. Vor bjarta framtíð blasir við.

Hér er hamingja, ást og gleði. Stemmingin í dalnum er svo blíð. Forréttindi að vera með í, veisluhöldunum á Þjóðhátíð.

Eyja meyja og peyja, lof mér að segja, ó, hve ljúft það er að vera til.

Eyja meyja og peyja, lof mér að segja, ó, hve ljúft það er að vera til.

Jón Ragnar Jónsson hlakkar til að frumflytja lagið sitt á Þjóðhátíðinni í Eyjum.



TIL HÁMINGJU
MEÐ 140 ÁRÁ
AFMÆLIÐ,
ÞJÓÐHÁTÍÐ



TAKK FYRIR
SAMSTARFIÐ

LÉTTÖL



VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ FAGNA
Í STÆRSTU OG FLOTTUSTU
AFMÆLISVEISLU SEM UM GETUR

LAUGARDAGSPASSINN

Af hverju ekki að fara í dagsferð til Eyja á Þjóðhátíð og upplifa magnaðan laugardag sem endar með ofurtónleikum Quarashi? Engin gisting og ekkert vesen!

Í ár mun Þjóðhátíðarnefnd bjóða upp á laugardagsferð og laugardagspassa á Þjóðhátíð.

Pakkinn mun kosta einungis 14.420 kr. á mann og verður einungis takmarkað magn miða í boði.

Í pakkanum er innifalinn laugardagspassi í Herjólfssdal, 11.900 kr. og tvær ferðir með Herjólfví á 1.260 kr. hvor ferð. Einnig verður hægt að kaupa laugardagspassann eingöngu.

Dagskráin á laugardagskvöldinu er ekki af verri

endanum: Kvöldvaka, Skonrokk, Skítamórall, Mammút, Jónas Sigurðsson, John Grant, flugeldasýning og Quarashi

Hægt er að leggja af stað frá Landeyjahöfn með Herjólfví á laugardeginum kl. 13, 16 og 19. Brottför frá Eyjum er aðfarnótt sunnudags kl. 4, 6 og 8.30. Takmarkað sætaframboð er í Herjólf þessar ferðir – því skiptir máli að vera snemma á ferðinni til að tryggja sér miða! Kaupu miða á dalurinn.is Verð:

14.420 kr. aðgangsmiði með Herjólfví

11.900 kr. aðgangsmiði

1.260 kr. Ferðin með Herjólfví



SUNNUDAGSPASSINN

Brekkusöngurinn er einn af hápunktum Þjóðhátíðar. Þeir sem ekki treysta sér til þess að vera alla hátíðina en vilja samt taka þátt í brekkusöngnum geta keypt svokallaðan sunnudagspassa.

Dagskráin um kvöldið er svo ekki af verri endanum. Klukkan 21 stíga á svið Fjallabræður ásamt Lúðrasveit Vestmannaeyja og gestum, Jónasi Sigurðssyni, Sverri Bergmann og Helga Björns. Klukkan 23.15 er brekkusöngur og á miðnætti er kveikt á blysum í brekkunni ofan við dalinn. Fyrir dansi eftir miðnætti spila Retro Stefson og Sálín.

Nánari upplýsingar um passana er að finna á síðunni www.dalurinn.is



BRENNAN Á FJÓSAKLETTI

Einn af hápunktum Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum er brennan á Fjósakletti á föstudagskvöldinu. Þjóðhátíð er nú haldin í 140. skiptið en elstu heimildir um brennuna eru frá árinu 1929. Á hverju ári er hefðbundnum trébrettum staflað hverju ofan á annað, samtals 55 brettahæðir, sem mynda um átta metra háan turn á Fjósaklettinum í Herjólfssdal. Fyrr í vikunni eru brettin vírbundin svo þau hrynji ekki og á föstudeginum sjálfum eru þau olíuborin svo þau séu tilbúin fyrir brunann. Um kvöldið eru neðstu brettin bleytt aftur og á miðnætti er eldur borinn að brettastaflanum. Það er sérstakur brennukóngur sem hleypur upp brekkuna með kyndil og tendrar brennuna við mikinn fögnuð þjóðhátíðargesta. Til að halda lífi sem lengst í eldinum sjá svokallaðir „skvettarar“ um að skvetta olíu á brennuna þannig að eldurinn nái að lýsa upp dalinn sem lengst. Yfirleitt logar enn í brennunni snemma morguns þegar formlegri dagskrá lýkur. Brettunum, sem notuð eru, er safnað saman allt árið og koma þau meðal annars frá fyrir-tækjum bæjarins. Í falllegu veðri þykir brennan ein sú fegursta, ef ekki sú fegursta, sem tendruð er hélendis.

DAGSKRÁ
ÞJÓÐHÁTÍÐAR 2014

FÖSTUDAGUR

14:30 Setning Þjóðhátíðar

Þjóðhátíð sett: Sigursveinn Þórðarson
Hátíðarræða: Martin Eyjólfsson
Hugvekja: Séra Guðmundur Örn Jónsson
Kór Landakirkju
Lúðrasveit Vestmannaeyja
Bjargsig: Bjartur Týr Ólafsson

15:00 Barnadagskrá á Tjarnarsviði
Frjálsar íþróttir, Ungmennafélagið Óðinn
Fimleikafélagið Rán
Brúðubíllinn
Barnaball með Páli Óskari, Páll Óskar
gefur eiginhandaáritanir eftir ball

KVÖLDVAKA

20:30 Frumflutningur Þjóðhátíðarlags, Jón Jónsson
21:15 100 ára afmæli Ása í Bæ
21:45 Kaleo
22:30 Baggalútur
23:15 Páll Óskar

00:00 Brenna á Fjósakletti

00:15 Skálmöld

Dansleikir á báðum pöllum

Brekkusvið: Friðrik Dór – MC Gauti
– Páll Óskar

Tjarnarsvið: Dans á rósum og
The Backstabbing Beatles

LAUGARDAGUR

10:00 Létt lög í dalnum
15:00 Barnadagskrá á Brekku- og Tjarnarsviði
Brúðubíllinn
Latibær
The Mighty Gareth
15:30 Hoppukastalar
15:30 Alltaf Gaman – Leikjaland með ýmsum leikjum
fyrir alla fjölskylduna
16:30 Söngvakeppni barna, Dans á rósum
Kassabílarall – hefst eftir að söngvakeppni
barna líkur

KVÖLDVAKA

20:30 Skonrokk
21:05 Skítamórall
21:40 Mammút
22:20 Jónas Sigurðsson og ritvélar framtíðarinnar
23:00 The Mighty Gareth
23:15 John Grant

00:00 Flugeldasýning

00:15 Quarashi

Dansleikir á báðum pöllum

Brekkusvið: Skonrokk - Skítamórall

Tjarnarsvið: Brimnes

SUNNUDAGUR

10:00 Létt lög í dalnum
15:00 Barnadagskrá á Brekku- og Tjarnarsviði
Latibær
The Mighty Gareth
Söngvakeppni barna, Dans á rósum
15:30 Hoppukastalar
15:30 Alltaf Gaman – Leikjaland með ýmsum leikjum
fyrir alla fjölskylduna

KVÖLDVAKA

20:30 Dans á Rósum
21:00 Sigurvegarar úr söngvakeppni barna
21:00 Fjallabræður ásamt Lúðrasveit Vestmannaeyja
og gestum
Jónas Sigurðsson
Sverrir Bergmann
Helgi Björns

23:15 Brekkusöngur

00:00 Blys

Dansleikir á báðum pöllum

Brekkusvið: Retro Stefson – Sálín

Tjarnarsvið: Dans á rósum, Brimnes

*Dagskrá Þjóðhátíðar 2014 er birt með fyrirvara um breytingar





NOTALEGT Gestir hafa lýst ánægju sinni með hönnun staðarins en hann þykir afar hlýlegur.

MYND/PJETUR

Í FYRSTA SÆTI Á TRIPADVISOR

KOL KYNNIR Veitingastaðurinn Kol vermir nú fyrsta sætið á lista TripAdvisor yfir bestu veitingastaði í Reykjavík. Veitingastjórinn Gunnar Rafn Heiðarsson þakkar það góðum mat, framúrskarandi þjónustu og metnaðarfullri kokteilgerð.

Veitingastaðurinn Kol, á Skólavörðustíg 40, var opnaður 14. febrúar síðastliðinn og var honum strax vel tekið. Nú er svo komið að hann vermir efsta sætið á lista TripAdvisor yfir bestu veitingastaði í Reykjavík. „Við höfum reynt að vanda vel til verka bæði í mat og þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á góða stemningu og vingjarnlegt viðmót starfsfólks og það er að skila sér,“ segir veitingastjórinn Gunnar Rafn Heiðarsson.



Gunnar Rafn Heiðarsson, Veitingastjóri Kol.

„Á staðnum er boðið upp á kjöt-, fisk- og smárétti og segir Gunnar lagt upp með að hafa matseðilinn sem fjölbreyttastan svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Matreiðslumennirnir Einar Hjartarson og Kári Þorsteinsson hafa yfirumsjón með eldhúsinu og leggja þeir höfuðáherslu á gott hráefni og bragðgæði. Á staðnum er sömuleiðis einstakur viðarkolaofn sem töfrar fram ljúft og seiðandi bragð.

Gunnar segir Íslendinga meirihluta viðskiptavina en nú yfir hásumarið hefur útlendingum sem sækja staðinn eðli málsins samkvæmt fjölgað. Þeir hafa margir lýst ánægju sinni á TripAdvisor.

„Margir hrósa þjónustunni en þar skerum við okkur úr. Eins er fólk ánægt með kokteilana okkar en við leggjum sérstakan metnað í þá,“ segir Gunnar. Hann segir reynt að sniðganga líkjöra og vín sem eru lituð og bragðbætt með gervibragðefnum. „Í staðinn búum við til okkar eigin líkjöra, romm og síróp. Má þar nefna hindberjaromm, trönu-berjalíkjör og ananassíróp. Þá notum við eingöngu ferska ávaxtasafa og kreistum greip, límónur, sitrónur, appelsínur og ananas á hverjum degi. Þetta skilar sér til viðskiptavina,“ segir Gunnar og tekur fram að staðurinn sé ekki eingöngu veitingastaður heldur líka bar. „Fólki er velkomið að detta hér inn í drykki og erum við bæði með sæti við barinn og í setustofunni. Staðurinn í heild tekur um 100 manns.“

Gestir Kols hafa ekki síður lýst ánægju sinni með hönnun staðarins, sem var í höndum W concept creation, en hann þykir hafa sérstaklega hlýlegt yfirbragð. Þá prýðir stór handmálaður fálki eftir listakonuna Ingu Maríu Brynjarsdóttur einn vegg staðarins og vekur hann að-dáun allra sem þangað koma.



SUMARTILBOÐ Í 3 DAGA

FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is

Jakkar
Buxur
Bolir
Toppar
Kjólar
Mussur
Str. 36-56

Sumarútsala

50% afsláttur

Ríta

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Við erum á Facebook

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

við þá að...
börn eiga rétt á læknisástoð
og heilbrigðisþjónustu.

Garðyrkja

GARÐANJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
S. 777-8100
 Fáðu fagmenn í verkið

Garðapjónusta Íslands ehf
 www.garda.is
 Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR

Alhliða málingarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Frí verkskoðun og verðtilboð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILLIS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flötun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

TRÉSMÍÐI
 ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-
 VINNA INNAN SEM UTAN.
 20 ÁRA REYNsla.
 TILBOÐ/TÍMAVINNA
 UPPL. HJÁ GUDMUNDI
 Í S. 895 6820
 ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Byggingaverktaki getur bætt við sig verkefnum strax. Uppl. í S 897 1494

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusheimsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD
 Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÉFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleisla er gott verkfæri til betri heilsu. Tímáptanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu



NÝ EKTA MARC JACOBS TASKA 2014 TIL SÖLU.

Ath. greiðslu kvittun fylgir og miði er ennpá á töskunni. Fullt verð 80þús - Selst á 47.000 kr. Uppl. í s: 7736898.

Hágæða sláttutraktórar

Verð frá 350.000 m/vsk.

TIGA

Vetrarsöl ehf.
 Askalind 4 • Kópavogi • S 564 1864

Til sölu fundarborð 20 manna í mjög góðu ástandi, ítölsk smíði mjög fallegt. Uppl. í s. 695 7722

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Pvottavélar, þurrkarar, ísskáp og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum Íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjaland s.8641202

Óskast keypt

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
 www.kaupumgull.is

Opíð alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til epli/örkjja. Sækjum. Litsyn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

